Skilafrestur auglýsinga í 20 ára afmælisblað BB rennur út á hádegi föstudaginn 15. okt.

NÝIR SÖLUAÐILAR PIRELLI Á VESTFJÖRÐUM
Vegna góðra samninga getum við boðið Pirelli og Nokian vetrarhjólbarða á Reykjarvíkur verði.
Höfum oppnað Olís smurþjónustu.
Útvegum síur í flestar vélknúin tæki.
Útvegum varahluti í bíla o.fl.
Pústviðgerðir.
DENSO Kerti.
HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI ÍSAFJARÐAR
Sindragötu 14
Sími 456-3501 GSM 894-9499
www.simnet.is/gemotorsport
TRAUST OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk
Miðvikudagur 13. október 2004 · 41. tbl. · 21. árg.

Afgreiðsla Landsbankans í Neista er opin fimmtudaga og föstudaga frá kl. 16-18
Sími 410 8119
Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Lögfræðingur með doktorsróf í Íslendingasögunum

– Kári og Olanda Gíslason komu um þveran hnöttinn til að setjast að á Ísafirði. Sjá viðtal í miðopnu.

SAMKAUP
Opið:
Virka daga 09-21
Laugard. 10-21
Sunnud. 12-21
SAMKAUP ...góði og ferskleiki!
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

Formaður Kennarasambandsins varar sveitarfélög eins og Súðavík við að mála sig út í horn

Súðavíkurhreppur hefur engin svör fengið frá verkfallsstjórn kennara

Á fimmtudag í síðustu viku sendi Ómar Már Jónsson sveitarstjóri Súðavíkurhrepps erindi til verkfallsstjórnar Kennarasambands Íslands þar sem óskað er skýringa á orðum formanns sambandsins, sem hann lét falla í útvarpsfréttum vegna fyrirhugaðrar frjálsrar viðveru grunnskólabarna. Varpaði formaðurinn fram þeirri spurningu „hvort sveitarstjórn Súðavíkurhrepps ætlaði sér ekki að halda uppi skólastarfi eftir að verkfalli lýkur“. Spurt er hvort í þessu sé fólgin hótun um að kennarasambandið muni beita sér fyrir því með einum eða öðrum hætti að grunnskólabörn í Súðavík muni ekki eiga möguleika á grunnskólakennslu í bænum eftir að verkfalli lýkur „komi til þess að hér verði grunnskólabörnum boðið upp á frjálsa viðveru í hluta húsnæðis grunnskólans“.

Þá er óskað eftir skýringum á því hvaða lög, reglugerðir eða hefðir verði brotnar með því að koma á frjálsri viðveru skólabarna utan þess tíma sem eðlileg kennsla hafi verið í



Súðavík.

skólanum. Þá er þess einnig getið svæði í skólanum fyrir viðveruna hafi verið valin í samráði við fulltrúa kennara. Ómar segir að ekkert svar hafi ennþá borist frá Kennarasambandinu þrátt fyrir orð um að erindinu yrði svarað skjótt. „Við ætluðum að skoða okkar mál í kjölfar svars. Það hefur hinsvegar ekki borist og munum við því skoða hvað við gerum í framhaldinu“, segir Ómar Már Jónsson.

Svava Pétursdóttir formaður verkfallsstjórnar Kennarasambands Íslands segir að erindi Súðavíkurhrepps sem barst stjórninni fyrir helgi verði svarað á næstu dögum. Eiríkur Jónsson formaður Kennarasambands Íslands segir að í áðurnefndum ummælum sínum hafi ekki falist nein hótun. „Ég held að flestum sé það ljóst að ég var að vara sveitarfélög eins og Súðavíkurhrepp við að mála sig út í horn í þessum málum og skaða með því ímynd sína gagnvart kennarastéttinni. Góð ímynd hefur auðvitað mikið að segja um það hvar menn velja sér starfsvettvang“, segir Eiríkur.

– hj@bb.is

Næst mest fjölgun

Brautskráðum stúdentum frá Vestfjörðum fjölgaði úr 42 árið 1995 í 66 árið 2003 eða um rúm 57%. Á sama tíma fjölgaði brautskráðum stúdentum á landinu öllu um 21,6%. Mest varð fjölgunin í einstökum landshlutum á Suðurnesjum þar sem hún var 72,3% á þessum árum. Ef horft er til aldursflokka fólks á Vestfjörðum sem brautskrást sem stúdentar má sjá að mest aukning hefur orðið á þessum árum í aldurflokki 22-24 ára. Árið 1995 brautskráðust 6 í þeim aldursflokki en árið 2003 voru þeir 19 að tölu. Þessar upplýsingar koma fram í tölum frá Hagstofu Íslands.

Helga Dóra formaður

Helga Dóra Kristjánsdóttir var kosin formaður Sambands vestfirskra kvenna á aðalfundi félagsins sem fram fór á Ísafirði fyrir stuttu. Um 40 manns sátu fundinn en sambandið samanstendur af 14 kvenfélögum víðsvegar um Vestfirði sem telja á samtals á þriðja hundruð félaga. „Ég er mjög hreykin að vera kosin formaður. Mæting var mjög góð á fundinn sem tókst vel í alla staði“, segir Helga Dóra sem tekur við af Kristjönu Sigurðardóttur sem stýrt hefur sambandinu í sjö ár. Meðal gesta voru Helga Guðmundsdóttir og Kristín Guðmundsdóttir frá Kvenfélagasambandi Íslands.

Enginn tannlæknir

Enginn tannlæknir er við störf í Bolungarvík eins og stendur og hefur Heilbrigðisstofnun Bolungarvíkur auglýst stöðuna lausa til umsóknar. Bæjarráð Bolungarvíkurkaupstaðar leggur áherslu á halda tannlæknaþjónustu á staðnum, að því fram kom á fundi ráðsins á þriðjudag. Þá samþykkti ráðið að láta kanna kostnað við að koma tannlæknastól í viðunandi ástand, en sá ekki ástæðu til að eignast önnur áhöld eða efni.

Eignarhaldsfélagið Hvetjandi hf., gerir rekstrarsamning við Sparisjóð Vestfirðinga

Stefnt að því að auka hlutafé í 200 milljónir króna fyrir árslok 2005

Eignarhaldsfélagið Hvetjandi hf. hefur gengið frá rekstrarsamningi við Sparisjóð Vestfirðinga sem mun annast vörslu eigna félagsins og sjá um rekstur þess. Félagið var stofnað þann 27. janúar og hét í upphafi Eignarhaldsfélag Ísafjarðarbæjar. „Rekja má stofnun félagsins til þingsályktunar um byggðamál, sem samþykkt var á Alþingi 3. mars 1999, sem heimilaði Byggðastofnun að taka þátt í stofnun eignarhaldsfélaga með 40% framlagi á móti 60% framlagi heimamanna, í formi hlutafjár. Með samþykkt þessari var ákveðið að veita fjármagni til atvinnuþróunarmála í kjördæmum landsins“, segir Eiríkur Finnur Greipsson, framkvæmdastjóri Hvetjanda og aðstoðarsparisjóðsstjóri Sparisjóðs Vestfirðinga.

Félagið er í eigu sveitarfélaga og fyrirtækja á Vestfjörðum og Byggðastofnunar. Hlutafé félagsins verður 70 milljónir króna í lok ársins 2004 og er markmiðið að auka það í 200 milljónir fyrir lok árs 2005. Núverandi hluthafar eru Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Byggðastofnun, Sparisjóður Vestfirðinga og Lífeyrissjóður Vestfirðinga. Engar fjárfestingar hafa átt sér stað á vegum félagsins, enda er enn verið að greiða inn og afla aukins hlutafjár.

Stjórn félagsins skipa Guðni Einarsson formaður, Sigurjón K. Sigurjónsson varaformaður og Björn Davíðsson. Varamenn eru þau Kristín Hálfdánsdóttir, Fylkir Ágústsson og Guðrún Finnbogadóttir.

„Tilgangur félagsins er fyrst og fremst að ávaxta hlutafé með þátttöku í nýsköpun og uppbyggingu atvinnutækifæra á norðanverðum Vestfjörðum. Umsóknir sem berast félaginu eru yfirfarnar af framkvæmdastjóra, sem metur hvort þær skuli lagðar fyrir fagráð til umfjöllunar. Niðurstaða fagráðs verður lögð fyrir stjórn til endanlegrar afgreiðslu og á grundvelli hennar verður ákveðið hvort fjárfesta eigi í viðkomandi félagi eða ekki“, segir Eiríkur Finnur.

Stjórn Hvetjanda hefur ákveðið að taka við umsóknum frá og með 15. október 2004. Heimasíða félagsins, hvetjandi.is, verður opnuð 15. október og þar verður að finna allar upplýsingar um þau skilyrði sem umsókn þarf að uppfylla til að hún verði tekin til skoðunar hjá félaginu. Umsóknum skal skila ásamt nauðsynlegum fylgigögnum til Hvetjanda hf., eignarhaldsfélags, Aðalstræti 20, 400 Ísafirði. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Níunda Guggan væntanleg til Ísafjarðar í nóvember

Ísfirsku feðgarnir Ásgeir Guðbjartsson og Guðbjartur Ásgeirsson hafa selt bát sinn Guðbjörgu ÍS til Suðureyrar. Bátinn fengu þeir snemma árs 2001. Ekki verða þeir þó lengi Guggulausir, því nýr bátur er væntanlegur í nóvember. „Það er önnur Cleopatra, aðeins stærri og hraðskreiðari. Við fáum hana líklega seinni hluta nóvember“, segir Ásgeir. Aðspurður um það hvort nýja Guggan verði líka gul segir Ásgeir svo ekki verða og þykir það tíðindum sæta. „Hún verður hvít. Við ætlum að prófa að hverfa inn í fjöldann.“ Þeir feðgar hafa bætt örlítið við sig í aflaheimildum, enda búast þeir við því að fiska meira með nýja bátnum en þeim gamla. „Þetta eru einhver 50 tonn af ýsu og steinbít“, segir Ásgeir Guðbjartsson, útgerðarmaður. Nýja Guggan verður hans níunda á 48 árum.

Feðgarnir Guðbjartur og Ásgeir við Guðbjörgina við komuna til Ísafjarðar árið 2001.

Tekjujöfnunarframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Ísafjarðarbær fær hæstu framlög vegna lækkandi fasteignamats

Ísafjarðarbær fær hæstu framlög sveitarfélaga á Vestfjörðum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna jöfnunar á tekjutapi sveitarfélaga sem tilkomið er af lækkun tekna af fasteignaskatti. Í hlut Ísafjarðarbæjar koma rúmar 85 milljónir króna á árinu 2004.

Í hlut Vesturbyggðar koma tæpar 34,6 milljónir króna, Bolungarvíkurkaupstaður fær rúmar 19 milljónir, Súðavíkurhreppur fær 10,2 milljónir, Hólmavíkurhreppur fær 9,1 milljón króna, Reykhólahreppur 6,4 milljónir, Tálknafjarðarhreppur fær í sinn hlut tæpar 6 milljónir, Árneshreppur fær tæpar 2,6 milljónir, Kaldrananeshreppur fær 2,4 milljónir, Bæjarhreppur fær greiddar 1,5 milljónir og Broddaneshreppur fær greiddar 1,4 milljónir króna.

– hj@bb.is



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

Skeljungur hf. og Ísfell ehf.,

Opna þjónustumiðstöð í Bolungarvík

Olíufélagið Skeljungur hf., og Ísfell ehf., hafa gert með sér samning um sameiginlegan rekstur á þjónustumiðstöð sem staðsett verður í Bolungarvík. Ætlunin er að miðstöðin þjóni byggðunum á norðanverðum Vestfjörðum, þ.e. Bolungarvík, Ísafirði, Flateyri, Suðureyri, Súðavík og Þingeyri.

Margir af viðskiptavinum fyrirtækjanna sækja nú þegar þjónustu til þeirra beggja og því var ákveðið að bæta þjónustuna með þessum hætti. Nýráðinn svæðisstjóri Skeljungs hf., á norðanverðum Vestfjörðum, Friðbjörn Óskarsson, mun veita þjónustumiðstöðinni forstöðu og munu hann og Björgólfur Björnsson, sölufulltrúi Ísfells ehf., kynna þetta nýja fyrirkomulag meðal viðskiptavina dagana 13.-15. október.

Í frétt frá fyrirtækjunum segir: „Skeljungur hefur haldið uppi háu þjónustustigi, m.a. með akstri á vörum til viðskiptavina. Viðskiptavinir Ísfells ehf., eiga nú kost á að fá vörur út af lager í Bolungarvík og geta útgerðaraðilar og fiskverkendur nú nýtt sér þessa bættu þjónustu til hagræðis og sparnaðar. Komið hefur verið upp verulegum lager af útgerðarvörum Ísfells hjá Skeljungi í Bolungarvík. Má þar m.a. nefna allar línuvörur svo sem ábót, línu, færi, gogga, bursta, belgi, flögg, baujur og ennfremur allar gerðir af beitu, tóg, lása, bætigarn, fiskikörfur, melspírur, blakkir, króka, samfestinga, sjófatnað og stígvél svo fátt eitt sé nefnt. Frekara úrval af vörum fyrir togveiðar munu fylgja í kjölfarið.“

– bb@bb.is

Skólastjórnendur í GÍ

Styðja skólastjórnendur í MÍ

Á fundi skólastjórnenda grunnskóla Ísafjarðarbæjar fyrir helgi var samþykkt ályktun þar sem lýst er yfir ánægju með aðgerðir skólastjórnenda Menntaskólans á Ísafirði vegna óvissuferðar nemenda fyrir stuttu.

Jóhanna Ásgeirsdóttir aðstoðarskólastjóri Grunnskólans á Ísafirði segir að skólastjórnendum grunnskólanna hafi þótt ástæða til þess að styðja skólastjórnendur í MÍ í þessu máli.

„Við sem þegnar þessa samfélags teljum mikilvægt að í Menntaskólanum sé framfylgt sömu reglum og hafa verið í gildi og framfylgt í grunnskólunum á undanförnum árum og þar með tryggð eftirfylgni með nemendum sem nauðsynleg sé á þessum aldri.“ *– hj@bb.is*

Hópbílabikarinn í körfubolta

KR vann KFÍ

Lið Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar tapaði illa fyrir liði KR í fyrri leik liðanna í Hópbílabikarnum á sunnudagskvöld. Leikurinn fór fram í Íþróttahúsinu á Torfnesi og lauk með sigri KR sem skoraði 116 stig gegn 86 stigum Ísfirðinga.

Eins og úrslitin gefa til kynna voru yfirburðir KR-inga miklir í leiknum. Stigahæstur leikmanna KFÍ var Josh Helm sem skoraði 47 stig. Sigurður Þorsteinsson og Tom Hull skoruðu 9 stig hvor, Pétur Sigurðsson og Haraldur Jóhannesson skoruðu 6 stig hvor, Baldur Jónasson skoraði 5 stig og Birgir Pétursson skoraði 3 stig. Síðari leikur liðanna fer fram syðra á fimmtudag.

BÍLSTJÓRAR

Vegna aukinna umsvifa í flutningum innanlands óska Eimskip og Flytjandi eftir að ráða bílstjóra til starfa.

Hæfniskröfur:
- Meirapróf með réttindi fyrir tengivagn er skilyrði
- Reynsla af akstri stórra bifreiða
- Rík og góð þjónustulund

Starfið:
- Flutningar á vörum til og frá Reykjavík, Akureyri og Ísafirði

Æskilegt er að umsækjendur séu búsettir á starfsstöðvum Eimskips í Reykjavík, á Akureyri eða Ísafirði.

Ráðið verður í störfin í nóvember og desember.

Umsóknir skulu berast fyrir 18. október nk. Með allar fyrirspurnir og umsóknir verður farið sem trúnaðarmál og öllum svarað. Hægt er að sækja um á heimasíðu Flytjanda www.flytjandi.is eða senda umsóknir í pósti.

Nánari upplýsingar veitir Már Þorvarðarson í síma 515 2280, netfang mth@flytjandi.is.

EIMSKIP Flytjandi

Eimskip innanlands ber ábyrgð á rekstri flutninganets Eimskips innanlands og þjónustumiðstöðva sem annast vörumóttöku og vöruafhendingu í innanlandsflutningum. Eimskip innanlands ber jafnframt ábyrgð á sölu- og markaðssetningu innanlandsflutninga.

EIMSKIP • www.eimskip.is
Sími 525 7000 • Fax 525 7009

Aukin þjónusta á norðanverðum Vestfjörðum

ÍSFELL
www.isfell.is

Skeljungur og Ísfell hafa gert með sér samning um sameiginlegan rekstur á þjónustumiðstöð í Bolungarvík. Ætlunin er að miðstöðin þjóni Bolungarvík, Flateyri, Ísafirði, Suðureyri, Súðavík og Þingeyri. Margir af viðskiptavinum fyrirtækjanna sækja nú þegar þjónustu til þeirra beggja og því kærkomið tækifæri að taka höndum saman um að bæta þjónustuna með þessum hætti.

Friðbjörn Óskarsson, nýráðinn svæðisstjóri Skeljungs hf., mun veita þjónustumiðstöðinni forstöðu og munu hann og Björgólfur Björnsson sölufulltrúi Ísfells kynna þetta nýja fyrirkomulag ítarlega meðal viðskiptavina dagana 13.-15. október.

Skeljungur hefur haldið uppi háu þjónustustigi á svæðinu, m.a. með akstri á vörum til viðskiptavina. Viðskiptavinir Ísfells eiga nú kost á að fá vörur beint út af lager í Bolungarvík og geta útgerðaraðilar og fiskverkendur nú nýtt sér þessa bættu þjónustu til hagræðis og sparnaðar.

Komið hefur verið fyrir verulegum lager af útgerðarvörum Ísfells hjá Skeljungi í Bolungarvík. Má þar m.a. nefna allar línuvörur svo sem ábót, línu, færi, gogga, bursta, belgi, flögg, baujur og ennfremur allar gerðir af beitu, tóg, lása, bætigarn, fiskikörfur, melspírur, netanálar, blakkir, króka, verkfæri, samfestinga, sjófatnað, vettlinga, skyrtur, sokka, stígvél, svuntur, ermahlífar, hnífa o.m.fl. Frekara úrval af vörum fyrir togveiðar munu fylgja í kjölfarið.

Það er von okkar, að viðskiptavinum beggja fyrirtækja muni líka vel sú breyting sem hér er kynnt.

Skeljungur hf. Ísfell ehf.,

Ótrúlegustu spurningar sem við fáum

– segir Auður Hagalín sem starfar hjá 118 á Ísafirði

Allir þekkja 118 hjá Símanum og hafa flestir nýtt sér þjónustuna oftar en einu sinni. Þó er sjaldan leitt hugann að því hvar sé svarað þegar hringt er. Raunar getur eigandi raddarinnar á hinni línunni verið fyrir sunnan, austan, norðan eða vestan á landinu því 118 er starfrækt í Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum og á Ísafirði. Á Ísafirði starfa fimm konur við að svara hringingum hvaðanæva af landinu. Blaðamaður skellti sér í heimsókn á starfstöð 118 í Sindragötu þar sem Auður Hagalín forstöðumaður stöðvarinnar á Ísafirði var á vakt ásamt Maríu Sigurlaugu Arnórsdóttir.

– Hve lengi hefur 118 verið á Vestfjörðum?

„ Þjónustan hefur verið á Ísafirði í rúm sex ár. Við fáum símtöl inn af öllu landinu, hvernig símtölin falla inn skiptist eftir því hvar er laust hverju sinni. Starfsemi 118 er starfrækt á fjórum stöðum á landinu og starfsmannafjöldinn skiptist þannig að á Akureyri eru 40, Reykjavík 50, Egilsstaðir 10 og á Ísafirði eru 5 starfsmenn. Unnar eru átta eða sjö tíma vaktir sem skipast niður í fjórar vaktir frá kl. 8 um morguninn til miðnættis. Tvær eru saman á vakt í einu. Fyrst vorum við í gamla pósthúsinu við Aðalstræti þar sem Síminn var áður en í Sindragötu höfum við verið í fjögur ár. Allir eru að vinna við að segja fólki til um hvaða símanúmer sé hvar og það eru ótrúlegustu spurningar sem við fáum inn á milli. Einu sinni var ein okkar spurð um pönnukökuuppskrift og hún varð við því að sjálfsögðu. Einnig hringir fólk sem er villast og biður okkur um að leiðbeina því. Það gerum við hvar á landinu sem viðkomandi er. Við erum með götukort í tölvunum og stórt kort upp á vegg og getum stuðst við það. Síminn hefur staðið vel að uppbyggingu starfseminnar, að mínu mati. Eftir að landsíminn lagðist niður hér fyrir sjö árum og eftir því sem fækkaði á loftskeytastöðinni varð þörf á nýjum störfum og þar sem hægt var að vinna þessi hvar sem er á landinu þá kom þetta sér vel.

Auður Hagalín og María Sigurlaug Arnórsdóttir að störfum á 118 hjá Símanum á Ísafirði.

Flóknar spurningar alls staðar að

– Hvernig spurningar fáið þið?

„Það er ýmislegt sem kemur upp. Til starfsins þarf að hafa almenna þekkingu og betra að vita hvað er hvar á landinu. Flóknar spurningar geta komið alls staðar að og þá þurfum við oft að leita til starfsmanna hinna stöðvanna. Eins og einu sinni þá var spurt um Haddý sem gerir kleinurnar fyrir norðan. Ég fann nú enga slíka og hringdi í þær á Akureyri og þær þurftu að hafa eitthvað fyrir því en fundu samt brauðgerð Haddýjar fyrir norðan. Svo kemur þetta með æfingunni. Einnig hafa stúlkurnar á hinum stöðunum þurft að hringja í okkur til að spyrja um eitthvað fyrir vestan. Auglýsing fyrir nokkrum árum sem margir gerðu svo mikið grín af þar sem karl var að leita að skyrtuhnöppunum sínum og konan hans ekki heima og hann vissi ekki hvert ætti að snúa sér og hringdi í 118. Þannig er það nánast, það er oft spurt um þennan í Breiðholti og Guðrúnu kennara á Seltjarnarnesi. Oftast er hægt að finna réttu manneskjuna þó að fólk sé með óvenjulegar spurningar. Fyrir ekki svo löngu síðan hringdi lítil stúlka og vildi fá að tala við mömmu sína þar sem hún var ein heima. Það endaði með því að við fundum mömmu hennar. Við erum stanslaust í mannlegum samskiptum. Mikið af gamla fólkinu sem hringir og biður um að láta áframtengja sig því það á kannski bágt með muna símanúmer. Sú þjónusta er frekar nýtilkomin hjá okkur en hún kemur sér vel fyrir þá sem eru heftir að einhverju leyti. Þannig að við erum að hjálpa fólki einnig, ekki einungis að veita upplýsingaþjónustu.“

Hvaða jólasveinn kemur til byggða í nótt?

– Hafa hringingar í ykkur minnkað með aukinni netnotkun?

„Ég er ekki frá því að það hafi gert það. En yfirleitt er nóg að gera og starfið er fjölbreytilegt. Dagarnir eru mjög misjafnir. Það koma dagar þegar allt gengur vel og allir eru elskulegir og vingjarnlegir og svo getur komið annar dagur þar sem allir virðast hafa farið öfugt fram úr rúminu. Það er mun algengara að fólk sé jákvætt. Auðvitað fer það líka eftir því hvernig við komum til móts við viðmælandann. Að sjálfsögðu er það þannig eins og hjá öllum öðrum fyrirtækjum að það bitnar á þeim sem náð er í ef óánægja er með þjónustuna. Við höfum lent í því þegar fólk er ósátt með eitthvað hjá símanum og hringir í 118.

– Lendið þið aldrei á fólki sem vill bara rabba og erfitt er að losna við?

„Jú, það er nú sorglegt en það eru furðu margir sem hafa þörf fyrir það og hafa engan til að tala við. En það lærist að ljúka slíkum samtölum kurteisislega. Það kemur með reynslunni en maður átti ekki gott með það fyrst. Oft getur reynst snúið að aðstoða fólk, til dæmis ef spurt er eftir Jóni Jónssyni þá eru náttúrlega margir möguleikar og erfitt að segja til um hve sé sá rétti án frekari upplýsinga. Einnig eru mörg erlend nöfn nú í símaskránni og það er ekki alltaf sem fólk veit hvernig þau eru stöfuð. Við höfum þann möguleika að leita eftir upphafsstöfum nafnsins, millinafni og hvað sem er og við reynum að hjálpa fólki að finna út úr því. Nú svo er hringt um jólin og spurt hvaða jólasveinn komi til byggða um nóttina og til að fá heimilisföng á jólakortin og póstnúmer svo hægt sé að senda pakkana. Það hefur þó minnkað með tilkomu símaskráar á netinu.“

Ævintýralegt að hugsa til baka

– Auður hefur unnið í fjölda ára hjá Símanum og fylgst með þróun fyrirtækisins í gegnum árin?

„Ég hef unnið lengi hjá Símanum og ég byrjaði á miðstöð. Þá var voru þrjár deildir, ritsíminn, landsíminn og miðstöð. Ég tók mér hlé þegar ég átti börnin mín og fór svo síðar að vinna hjá loftskeytastöðinni. Þar vann ég þangað til að hún var lögð niður og hóf svo störf hér. Þetta var nú ólíkt meira fjör í gamla daga þegar við sátum átta eða níu konur hlið við hlið. Þá vorum við að tengja með snúrum og það kom fyrir að við slitum samtöl fyrir hver annarri með því að krækja í snúrurnar. Það er nú dálítið ævintýralegt þegar hugsað er til baka“, segir Auður og brosir að endurminningunni. En nú er komið að lokum spjallsins þar sem hún þarf að halda áfram starfi sínu að aðstoða landann. – *thelma@bb.is*

NORÐLENSKIR DAGAR
42%
1.198 kr/kg
694 kr/kg
Svínakótelettur
frosnar
2.196 kr/kg
1.530 kr/kg
KEA:
30%
1.481 kr/kg
962 kr/kg
BAUTABÚRið
35%
398 kr/kg
298 kr/kg
BAUTABÚRið:
20%
740 kr/kg
592 kr/kg
GOÐI:
868 kr/kg
608 kr/kg
GOÐA:
10 stk. vínarpylsur
30%
25%
20-30%
492 kr/kg
334 kr/kg
NAGGAR:
Gordon Bleu
30%
GOÐA: 83 Toro álegg
GOÐA: Skinkuálegg
GOÐA: Hangilegg
GOÐA: Piparsveppa Salami
BAUTABÚRið: Hangilegg
BAUTABÚRið: Skinkuskinka
289 kr/kg
272 kr/kg
NAGGAR:
Grísaréttur
BBQ GRÍSARIF
35%
1.531 kr/kg
995 kr/kg
OLD WEST:
Spare Ribs
SAMKAUP
–gæði og þjónustu!
Heimsækið Samkaup á: www.samkaup.is Hafnarstræti 9-13 Ísafirði - Sími 456 5460

ritstjórnargrein

Það kemur að því

Haft er eftir sjávarútvegsráðherra vorum, að illa ígrundaðar upphrópanir, eins og hann segir hafa komið fram hjá sjávarlíffræðingum og forsvarsmönnum umhverfisverndarsamtaka, á fundi í Lundúnum fyrir skömmu, um að banna veiðar með botnvörpu, séu hættulegar alhæfingar; hér á landi sé vitað af viðkvæmum svæðum fyrir botnvörpuveiðum og þau séu vernduð með veiðibanni.

Hvað sem líður skoðunum á borð við þær sem fram komu á Lundúnafundinum, má ljóst vera að augu manna eru betur og betur að opnast fyrir því, að auðlindirnar verða ekki nýttar nema að ákveðnu marki. Gildir þar einu hvort um er að ræða á láði eða legi. Þá eru menn stöðugt meðvitaðri um það, að umgengnin um náttúruna skiptir ekki minna máli en uppskeran, sem frá henni er tekin hverju sinni.

Út af þeim ummælum sjávarútvegsráðherra að við verndum viðkvæm svæði úti fyrir ströndum landsins með veiðibanni þykir BB rétt að vekja athygli á eftirfarandi, ítrekað.

Þegar vakin var athygli á því á Alþingi Íslendinga, fyrir nokkrum árum, að togskip hefðu stundað þá iðju að slétta botninn á nokkrum helstu fiskislóðum okkar til þess að auðvelda botnvörðuveiðar, voru viðbrögð stjórnvalda og hagsmunaaðila á einn veg: Málið var þagað í hel. Og breytti engu þótt Norðmenn horfðust í augu við það skömmu síðar, að búið var að maska mestan hluta kóralrifa við strendur Noregs.

Á þessum vettvangi hefur ítrekað verið bent á, að Ísland væri eina ríkið, sem um er vitað, sem hefði það eitt helsta inntak fiskveiðistjórnunar að útrýma vistvænustu veiðiaðferðinni, sem völ er á, krókaveiðum. Þessa staðreynd láta stjórnvöld sem vind um eyrun þjóta.

Þá hefur margsinnis verið á það bent, að á Ísafirði búa menn yfir þekkingu sem gæti orðið grundvöllur rannsókna á áhrifum veiðarfæra á lífríki hafsins. Um frumkvæði Netagerðar Vestfjarða á þessu sviði er flestum kunnugt; jafnvel stjórnvöldum, sem öðrum fremur ætti að vera ljós alvara málsins. Tómlæti þeirra í þessu máli er þyngra en tárum taki.

Engum getum skal að því leitt hver niðurstaða Sameinuðu þjóðanna við tillögunni um bann við veiðum með botnvörpu verður að þessu sinni. Hinu getum við gengið að vísu, að með hverju árinu sem líður styttist í ófrávíkjanlega kröfu um sjálfbæra nýtingu auðlinda í stað rányrkju. Sem þýðir einfaldlega að lausnin felst ekki í takmarkalausu kapphlaupi, þar sem öllu er til kostað til að hrifsa til sín þá takmkörkuðu uppskeru, sem í boði er.

Það kemur að því að veruleikinn verður ekki lengur umflúinn.

s.h.

orðrétt af netinu

Síðasta klappstýran

Ekki þarf að deila um það að Davíð Oddsson brilleraði í umræðum um stefnuræðu eftirmanns síns síðastliðið mánudagskvöld. Nýi utanríkisráðherrann gekk skrefi lengra en forverinn í nauðvörn fyrir stuðninginn við stríðsglæpina í Írak enda vanur að veðja á að með nógu ósvífinni tilfærslu víglínunnar megi halda velli í hvaða kappræðu sem er. Að þessu sinni voru fullyrðingarnar þó of brjóstumkennanlegar til að ná máli.

Meira að segja Donald Rumsfeld, sem færði Saddam Hussein gereyðingarvopnin 1983, hefur viðurkennt að engin slík hafi verið til staðar þegar innrásin var gerð í mars 2003. George Bush viðurkennir það. Tony Blair viðurkennir það. Davíð og Dick Cheney nefna þau ekki og finnst það greinilega ekki skipta máli hvort höfuðréttlæting árásarríkjanna hafi átt við minnstu rök að styðjast.

murinn.is – Steinþór Heiðarsson

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Blaðamenn:** Hálfdán Bjarki Hálfdánsson, sími 863 7655, *halfdan@bb.is* – Halldór Jónsson, sími 892 2132 *hj@bb.is* – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, *thelma@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is* · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.
ISSN 1670 - 021X

Sjómannastyttan á þeim stað fyrir framan Hótel Ísafjörð sem menningarmálanefnd telur að komi til greina. Samansett mynd.

Minnisvarði sjómanna á Eyrartúni á Ísafirði

Sjómannastyttan á nýjan stað?

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar ákvað á síðasta fundi að fela bæjarstjóra og formanni bæjarráðs að ræða við forsvarsmenn þeirra félaga er stóðu að minnisvarða sjómanna á sínum tíma. Þessi samþykkt kemur í kjölfar fundar menningarmálanefndar Ísafjarðarbæjar sem haldinn var á dögunum þar sem svohljóðandi bókun var gerð: „Menningarmálanefnd vill minna á að vænta má þess, að sjómannastyttan endurgerð komi frá Þýskalandi í fyrrihluta nóvember n.k. Þar af leiðir að taka verður ákvörðun um staðsetningu hennar sem allra fyrst.“

Í sumar fól bæjarráð menningarmálanefnd í samráði við tæknideild Ísafjarðarbæjar að gera tillögur að nýrri staðsetningu minnisvarða sjómanna. Var það gert í framhaldi af óskum fjölskyldu Ragnars Kjartanssonar listamanns sem er höfundur verksins. Menningarmálanefnd bæjarins hafði áður nefnt að svæðið fyrir framan Hótel Ísafjörð kæmi vel til greina fyrir styttuna.

Í framhaldi af þessari afgreiðslu bæjarráðs birtist viðtal við Halldór Hermannsson skipstjóra á Ísafirði en hann var einn að þeim sem unnu að uppsetningu styttunnar á sínum tíma. Í viðtalinu lýsti Halldór þeirri skoðun sinni að ekki væri hægt að færa styttuna án samráðs við þau félög sem höfðu frumkvæðið að kaupum og uppsetningu styttunnar á sínum tíma. Þau voru Sjómannafélag Ísfirðinga, Skipstjórafélagið Bylgjan og Vélstjórafélag Ísafjarðar.

Söngleikur byggður á ævintýri H. C. Andersen frumsýndur í Íslensku óperunni

Þórunn Arna Kristjánsdóttir í aðalhlutverkinu

Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Brynjar Már Brynjólfsson frá Ísafirði eru meðal leikara í söngleiknum Litla stúlkan með eldspýturnar sem frumsýndur verður í Íslensku óperunni 23. október. Þórunn Arna fer með titilhlutverkið og Brynjar Már er í hlutverki götustráks.

„Við höfum bæði mikinn áhuga á leiklist og því er spennandi og gott tækifæri að fá að spreyta okkur í alvöru leikhúsi og vinna með alvöru leikurum“, segir Brynjar Már.

Kynning á verkinu er nú að fara í gang og munu leikarar sýningarinnar meðal annars fara í upptöku fyrir barnaþáttinn Stundina okkar í sjónvarpinu. „Tónlistin í verkinu er mjög góð og grípandi og sýningin er fyrir alla fjölskylduna en ég get lofað því hún er þriggja klúta“, segir Brynjar Már.

Söngleikurinn er eftir Keith Strachan, Leslie Stewart og Jeremy Paul og er eins og nafnið gefur til kynna byggður á ævintýrinu góðkunna eftir H.C Andersen. Leikstjóri sýningarinnar er Ástrós Gunnarsdóttir.

Brynjar Már og Þórunn Arna hafa tekið virkan þátt í tónlistar- og leiklistarlífi á Ísafirði seinustu ár. Meðal annars léku þau stór hlutverk í uppfærslunni vinsælu Söngvaseið síðasta vetur. Bæði eru þau fyrrverandi nemar Tónlistarskólans á Ísafirði og Menntaskólans á Ísafirði en eru nú í háskólanámi í Reykjavík.

– thelma@bb.is



Þórunn Arna prýðir kynningarplakat fyrir söngleikinn.

skrifa.com
Upplýsingavefur gervihnattafólksins
Afruglarar · kort · brennarar og allt annað til að fullnýta búnaðinn.
Símar 893 5804 og 482 3929 alla virka daga frá kl. 13-23

Hátíðarbragð í Bónus
899
999
699
98
LÚXUS LAMBALÆRI
40% afsláttur
399
Nýtt kortatímabil!
359
299
399
40% afsláttur
Skafís
99
SKAFÍS FRÁ EMMESS, EINN LÍTRI
29" SJÓNVARP
27.999
29"
JDV
29" SJÓNVARP MEÐ NICAM STEREÓ HÁTÖLURUM, TEXTAVARPI, SCART TENGI OG FJARSTÝRINGU
DVD SPILARI FYRIR ÖLL KERFIN!
SPILAR KARÓKÍDISKA!
-enn lægra verð!
5999
Nú er tækifæri til að tækjavæðast!

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar: Útboð á tveimur lóðum fyrir bensínstöðvar á Ísafirði innan árs

Minnihlutinn telur að verið sé að láta undan þrýstingi stóru olíufélaganna

Bensínstöðin á Ísafirði.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti á fundi í síðustu viku að efna til útboðs á tveimur lóðum fyrir bensínstöðvar í sama útboðinu. Annars vegar lóð á Skeiði og hinsvegar lóð á hafnarsvæði sem tilbúin verði innan eins árs. Fulltrúar Samfylkingarinnar vildu úthluta lóðinni á Skeiði til Atlantsolíu en sú tillaga kom ekki til afgreiðslu þar sem forseti bæjarstjórnar taldi tillögu meirihluta bæjarstjórnar ganga lengra. Bæjarfulltrúar minnihlutans telja að með samþykkt bæjarstjórnar sé verið að láta undan þrýstingi stóru olíufélaganna og framlengja núverandi ástand í bensínsölumálum á Ísafirði um óákveðinn tíma.

Á fundinum voru teknar fyrir umsóknir fjögurra olíufélaga um lóðir fyrir bensínstöðvar á Ísafirði. Forseti bæjarstjórnar, Birna Lárusdóttir, lagði fram svohljóðandi tillögu:

„Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkir, að val á lóðarhafa vegna byggingar nýrra bensínstöðva á Ísafirði grundvallist á útboði á byggingarrétti, þar sem lóðum verður úthlutað til hæstbjóðenda. Í útboðinu skulu tilboðsgjafar einnig gera grein fyrir nýtingu lóðarinnar og þjónustuþáttum.Í útboðsskilmálum verður tryggt, að þeir sem ekki hafa aðstöðu til rekstrar bensínstöðvar á Ísafirði njóti forgangs. Sami aðili skal ekki eiga rétt á að fá báðum lóðum úthlutað í útboðinu. Boðnar verða út tvær lóðir í sama útboði. Annars vegar lóð fyrir bensínstöð á Skeiði með núgildandi skilmálum skv. deiliskipulagi, þar sem gert er ráð fyrir bensínstöð og tengdri þjónustu og hins vegar lóð á hafnarsvæði, sem verði tilbúin til úthlutunar innan eins árs fyrir sjálfsafgreiðslustöð. Bæjarstjórn beinir þeim tilmælum til umhverfisnefndar og stýrihóps um endurskoðun deiliskipulags á hafnarsvæðinu, að við endurskoðun á deiliskipulagi hafnarsvæðisins, verði gert ráð fyrir lóð fyrir sjálfsafgreiðslustöð.“

Í greinargerð með tillögunni segir að með útboði sé farin leið sem tryggi betur, en huglægt mat á sambærilegum umsóknum eða hlutkesti, að umsækjendur um lóð undir bensínstöðvar sitji við sama borð. Þá er í greinargerðinni vísað til álits bæjarlögmanns þar sem segir að útboð er talin málefnaleg og lögleg aðferð. Þá segir einnig í greinargerðinni: „Með úthlutun lóðar, að undangengnu útboði, til annars aðila en þess sem rekur núverandi bensínstöð á Ísafirði er tryggt, að samkeppni verður virk á markaðnum til hagsbóta fyrir hinn almenna neytanda.“

Lárus Valdimarsson bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar lagði fram svohljóðandi tillögu: „Leggjum til að Atlantsolíu verði úthlutað lóðinni á Tunguskeiði undir starfsemi sína og jafnframt verði öðrum umsækjendum, að lokinni nauðsynlegri skipulagsvinnu, gefinn kostur á að sækja um aðrar lóðir undir starfsemi sína. Með þessu verði raunveruleg samkeppni tryggð í eldsneytissölu og hagsmunir bæjarbúa best tryggðir.“

Í greinargerð með tillögunni segir: „Nýverið samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur að úthluta Atlantsolíu lóð undir eldsneytisafgreiðslu með þeim rökum að umrætt fyrirtæki hefði ekki aðstöðu innan borgarmarkanna. Um þessa ákvörðun var einhugur innan borgarstjórnar og fram kom við afgreiðslu málsins, að samkeppnissjónarmið réðu einnig þeirri niðurstöðu. Svipaðar áherslur hafa komið fram innan bæjarstjórnar Kópavogs þar sem Atlantsolía mun opna starfsstöðvar innan skamms. Ljóst má því vera að vísan til samkeppnissjónarmiða er talin fullgild við ákvörðun um lóðaúthlutanir hjá stærstu sveitarfélögum landsins og því vandséð hvers vegna sömu forsendur geti ekki gilt í Ísafjarðarbæ. Nú liggur einnig fyrir, að hin heilaga þrenning stóru olíufélaganna er enn í samrekstri hér og því verður að telja óeðlilegt, að hindra eðlilega samkeppni. Forsenda ofangreinds er, að sjálfsögðu sú, að menn telji eðlilega samkeppni á markaði æskilega yfir höfuð.“

Þegar til atkvæðagreiðslu kom taldi forseti bæjarstjórnar að tillaga sín gengi lengra og kom hún því til atkvæða á undan. Var hún samþykkt með fimm atkvæðum gegn tveimur. Ragnheiður Hákonardóttir og Magnús Reynir Guðmundsson sátu hjá. Að lokinni atkvæðagreiðslu létu bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar bóka: „Við hörmum þá samþykkt sem hér liggur fyrir því við teljum sýnt að með þeirri ákvörðun sé látið undan þeim þrýstingi sem stóru olíufélögin hafa beitt í aðdraganda þessa máls. Með ofangreindri ákvörðun verður eftirleikurinn þeim auðveldur, þ.e. að útiloka þann aðila sem nýr er á markaði og líklegastur til að hámarka samkeppni. Fram kemur í greinargerð með tillögu, með vísan til minnisblaðs bæjarlögmanns, að útboð sé talin lögmæt og málefnaleg aðferð. Forsenda þess að fara í útboð hlýtur að vera sú, að aðilar standi jafnfætis í slíkri samkeppni. Allir vita að svo er ekki í þessu máli og hin málefnalega forsenda er því ekki til staðar.“

Magnús Reynir Guðmundsson bæjarfulltrúi Frjálslyndra og óháðra lét bóka: „Með tillöguflutningi sínum hefur meirihluti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar ákveðið að fresta úthlutun lóðar undir bensínstöð um óákveðinn tíma. Ljóst er að lóð á hafnarsvæði verður ekki til úthlutunar fyrr en deiliskipulagi hefur verið breytt með formlegum hætti og á meðan samrekstri olíufélaganna þriggja á bensínstöðinni við Hafnarstræti hefur ekki verið hætt, er Atlantsolía eini umsækjandinn sem til greina kemur samkvæmt tillögu meirihlutans. Það er því ljóst að hugur meirihlutans stendur ekki til þess, að Atlantsolía fái aðstöðu fyrir starfsemi sína á Ísafirði. Með tilliti til ofangreinds tek ég ekki þátt í atkvæðagreiðslu um málið að svo stöddu.“ *– hj@bb.is*

Hjörleifur Jakobsson, forstjóri Olíufélagsins hf.

Olíufélagið er bundið á klafa úrelts fyrirkomulags

Hjörleifur Jakobsson, forstjóri Olíufélagsins hf. segir nauðsynlegt að skoða forsögu rekstrar bensínstöðvarinnar á Ísafirði þegar menn dæmi þann samrekstur sem þar hefur átt sér stað um áratuga skeið. Hann segir upphaf þess máls megi að stórum hluta rekja til bæjaryfirvalda á Ísafirði.

„Þegar Olíufélagið hf. fékk úthlutað lóð undir bensínstöð við Hafnarstræti gerðu bæjaryfirvöld það að skilyrði að olíufélögin þrjú störfuðu saman að rekstrinum. Á það hefði verið fallist og þá staðreynd verði menn að hafa í huga þegar menn felli dóma yfir þessum rekstri.“ Þetta segir Hjörleifur í kjölfar mikilla umræðna um samrekstur olíufélaganna á bensínstöðinni á Ísafirði og þau orð sem fallið hafa vegna lóðarumsóknar félagsins á Skeiði. Olíufélagið hf. er eitt fjögurra olíufélaga sem sækja þar um lóð fyrir bensínstöð og hefur málið verið til umfjöllunar í bæjarkerfinu undanfarna mánuði. Á bæjarstjórnarfundi sem haldinn verður í dag munu lóðamálin hugsanlega verða leidd til lykta.

Hjörleifur segir Olíufélagið hafa frá upphafi borið ábyrgð á daglegum rekstri bensínstöðvarinnar en engu að síður hafi rekstrinum verið skipt að jöfnu á milli þeirra þriggja olíufélaga sem að rekstrinum standa. „Frá því að þessi samrekstur hófst hefur lagaumhverfi slíks rekstrar breyst mjög og því er slíkur rekstur fyrir löngu úreltur. Allt frá því að samkeppnisyfirvöld hófu að gera athugasemdir við þennan samrekstur höfum við reynt að losna frá honum. Við höfum viljað gera það í samstarfi við samkeppnisyfirvöld en þau hafa ekki verið tilbúin í það mál með okkur. Okkur hefur verið sagt að bíða þess að þeirri rannsókn ljúki, sem nú stendur yfir vegna meintra brota okkar á samkeppnislögum. Við höfum í rúm tvö ár viljað losna frá þessum rekstri en það hefur ekki tekist. Okkar ósk hefur verið sú að taka alfarið yfir bensínstöðva við Hafnarstræti og endurbyggja hana og reka þar myndarlega bensínstöð þar sem við gætum veitt viðskiptavinum okkar þá þjónustu sem félagið er þekkt fyrir. Í dag hefur Olíufélagið enga tryggingu fyrir því að halda þeirri stöð og því sóttum við um lóðina á Skeiði. Við viljum áfram veita þessa þjónustu Ísafirði.“

Aðspurður hvers vegna bensínverð á Ísafirði hefur verið jafnhátt og raun ber vitni þrátt fyrir hagræðingu af samrekstri segir Hjörleifur að til þess að lækka verð þurfi allir sem að rekstrinum standa að taka slíka lækkun á sig en í raun sé þeim óheimilt að ræða slíkt. „Við erum því bundnir á klafa úrelts fyrirkomulags og verðum í raun að taka allar lækkanir á okkur einir. Við höfum hinsvegar ákveðið að hækka sjálfsafgreiðsluafslátt á Ísafirði í 4 krónur sem er sami afsláttur og víðast hvar á stærri stöðvum og tekur þessi lækkun gildi strax.“

Neytendasamtökin og fleiri hafa skorað á stjórnvöld og sveitarstjórnir að auðvelda Atlantsolíu innkomu á markaðinn og með því verði tryggð raunveruleg verðsamkeppni. Hjörleifur segir að Atlantsolía reyni að nýta sér þann meðbyr sem félagið hafi fengið til þess að sækja lóðir til sveitarfélaganna án þess að greiðslur komi fyrir. „Það er grunvallarskoðun mín að allir eigi að sitja við sama borð í þessum efnum. Þegar ekki eru til nægar lóðir verða fyrirtæki auðvitað að keppa um þær. Nýir aðilar á markaði verða að lúta sömu lögmálum og aðrir hafa þurft að gera áratugum saman. Það var ekki okkar val í upphafi að vera í samrekstri á Ísafirði heldur kom sá rekstur til vegna kröfu bæjaryfirvalda á þeim tíma þegar slíkt var talið löglegt og eðlilegt. Við höfum hinsvegar viljað laga okkur að breyttum lögum en því miður hefur það tekið lengri tíma en við vildum. Okkar ásetningur er að veita Ísfirðingum góða þjónustu hér eftir sem hingað til.“

– hj@bb.is

Lóðin á Skeiði sem olíufélögin sækjast eftir er í grennd við Bónus.

Atlantsolía fellur frá öllum skilyrðum vegna lóðarumsóknar um bensínstöð

„Atlantsolía hefur aldrei farið fram á nein sérkjör hjá sveitarfélögum“

Stefán Kjærnested framkvæmdastjóri Framkvæmdaráðs ehf., sem sér um öflun lóða fyrir bensínstöðvar Atlantsolíu, vísar á bug þeim orðum Hjörleifs Jakobssonar forstjóra Olíufélagsins hf. að Atlantsolía nýti sér meðbyr í þjóðfélaginu til þess að sækjast eftir lóðum hjá sveitarfélögum án þess að greiðsla komi fyrir. Hann segir jafnframt að Atlantsolía hafi fallið frá öllum skilyrðum sem þeir hafi upphaflega sett fyrir hugsanlegri innkomu á markaðinn á Ísafirði. Í viðtali á bls. 8 segir Hjörleifur Jakobsson forstjóri Olíufélagsins að Atlantsolía noti sér þann meðbyr sem félagið hafi fengið til þess að sækja um lóðir til sveitarfélaganna án þess að greiðslur komi fyrir og að nýir aðilar verði að lúta sömu lögmálum og aðrir hafi þurft að gera áratugum saman.

„Atlantsolía hefur aldrei farið fram á nein sérkjör hjá sveitarfélögum. Við höfum hinsvegar sótt um lóðir og vonumst til þess að til okkar verði horft ekki síður en hinna sem ráðið hafa markaðnum áratugum saman“, segir Stefán.

Aðspurður hvort þau skilyrði sem Atlantsolía setti fyrir hugsanlegri uppsetningu bensínstöðvar á Ísafirði séu ekki dæmi um að félagið vilji fá forgjöf inn á markaðinn segir Stefán svo ekki vera. „Með þessum skilyrðum vorum við að freista þess að jafna þann aðstöðumun sem skapaður hefur verið með áratuga samrekstri bensínstöðvar á Ísafirði. Við höfum hinsvegar orðið varir við að þessi skilyrði okkar hafa valdið misskilningi og því höfum við tilkynnt bæjaryfirvöldum að við höfum fallið frá þeim“, segir Stefán. Meðal þeirra skilyrða sem Atlantsolía setti voru þau að ekki yrði úthlutað lóðum undir nýjar bensínstöðvar næstu 3-5 árin. Einnig ræddi félagið þann möguleika að birgðatankar stöðvarinnar yrðu ofanjarðar og að ekki yrði öll lóðin á Skeiði nýtt. „Við höfum fallið frá öllum þessum skilyrðum. Við stefnum að því að setja upp sjálfsafgreiðslustöð með birgðatönkum neðanjarðar eins og á stöð okkar í Hafnarfirði. Við ætlum einnig að nýta alla lóðina þar sem við höfum í hyggju að leita eftir samstarfsaðila um rekstur veitingastaðar og annarar viðeigandi þjónustu á lóðinni. Við munum því kappkosta að allur frágangur lóðarinnar verði fyrirtækinu og bænum til sóma. Hafi einhver talið þessi skilyrði í vegi fyrir því að hægt væri að úthluta okkur umræddri lóð er sá vandi úr sögunni“, segir Stefán.

Aðspurður hvort hann sé bjartsýnn á að fyrirtækinu verði úthlutað lóðinni segir Stefán svo vera. „Það er rétt sem forstjóri Olíufélagsins segir að við höfum fengið mikinn meðbyr frá fólki. Við höfum fengið mikla hvatningu til þess að opna sem flestar stöðvar á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni. Við höfum með innkomu okkar á markaðinn brotið upp staðnað kerfi. Við höfum valið Ísafjörð sem einn af okkar næstu áfangastöðum. Við trúum því að okkur verði þar vel tekið og að þessi lóð sem enginn hefur viljað nota um árabil falli okkur í skaut“, segir Stefán Kjærnested. *– hj@bb.is*

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra í heimsókn á Vestfjörðum

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra heimsótti Vestfirði í síðustu viku ásamt aðstoðarmanni sínum, Þorsteini Davíðssyni, Þorsteini Geirssyni, ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytisins og Ásdísi Ingibjargardóttur, skrifstofustjóra rekstrarskrifstofu ráðuneytisins. Björn hóf heimsókn sína á Patreksfirði. Þaðan var haldið til Ísafjarðar þar sem Héraðsdómur og lögreglustöðin voru skoðuð. „Heimsóknin gekk mjög vel og Björn var mjög jákvæður“, segir Sigríður Björk Guðjónsdóttir, sýslumaður á Ísafirði. Þá fór dómsmálaráðherra til Bolungarvíkur og lauk heimsókninni á því að fara til Hólmavíkur.
– thelma@bb.is

Sigríður Björk, Björn, Ásdís og Önundur ræðast við í lögreglustöðinni á Ísafirði. Myndir: Lögreglan á Ísafirði.

Aftari röð frá vinstri: Haukur Árni Hermannsson, Sigurður Guðmundur Sverrisson og Skúli Berg lögreglumenn, Ólafur Hallgrímsson, fulltrúi sýslumanns og Ásdís Ingibjargardóttir, skrifstofustjóri rekstrarskrifstofu dómsmálaráðuneytisins. Neðri röð frá vinstri: Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn, Þorsteinn Geirsson, ráðuneytisstjóri dómsmálaráðuneytisins, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri, Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og Þorsteinn Davíðsson, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra.

Lögfræðingur með doktorsróf í Íslendingasögunum

– Kári og Olanda Gíslason komu um þveran hnöttinn til að setjast að á Ísafirði

Hjónin Kári og Olanda Gíslason fluttust nýverið til Ísafjarðar frá Brisbane í Ástralíu. Olanda er innfæddur Ástrali en Kári fluttist þangað með móður sinni þegar hann var fjórtán ára gamall. Aðspurð segja þau að engum vina þeirra hafi verið brugðið þegar þau tilkynntu þessa ákvörðun sína. Aftur á móti séu heimamenn á Íslandi oft öllu meira undrandi á þessu uppátæki. Kári kennir ensku við Menntaskólann á Ísafirði og Olanda nýtur þess að vera í fríi. Þrátt fyrir aftakaveður fyrstu vikur þeirra á Ísafirði segjast þau hafa komið nokkuð miklu í verk. Þau hafa meira að segja smalað. Kári fæddist í Reykjavík árið 1972. Móðir hans er ensk en pabbi hans er íslenskur. „Mamma kom hingað árið 1970 til að vinna sem ritari hjá innflutningsfyrirtæki í Reykjavík. Tveimur árum síðar fæddist ég. Fyrstu árin ólst ég upp í miðbæ Reykjavíkur og í Árbæ en þegar ég var tíu ára fluttum við mamma til Englands. Afi minn og amma eru ensk að uppruna en fluttu til Ástralíu eftir síðari heimsstyrjöldina eins og margir aðrir Bretar. Ég og mamma fluttum þangað og settumst að í Brisbane þegar ég var fjórtán ára og þar bjó ég þangað til í sumar þegar ég flutti til Ísafjarðar.“

Doktor í Íslendingasögunum

– Var íslenska töluð að einhverju leyti á þínu heimili þegar þú varst að alast upp?

„Nei, pabbi býr og hefur alltaf búið á Íslandi. Þess vegna var aldrei töluð íslenska á mínu heimili í Ástralíu. En ég hef alls sex sinnum komið í heimsókn til Íslands, þar á meðal einu sinni í hálft ár þar sem ég kenndi við Háskóla Íslands og vann að rannsóknum. Ég er lögfræðingur með doktorsgráðu í Íslendingasögunum. Það var ein af ástæðunum fyrir því að koma til Íslands, að læra tungumálið betur.“

Stóra sveitaþorpið sem margfaldaðist

– Hvernig var að alast upp í Brisbane í Ástralíu? Heitt, var það ekki?

„Jú, það má segja það. En þó ekki eins heitt og margir halda, alveg eins og að á Íslandi er ekki eins kalt og margir halda. Við þurftum til dæmis sjaldan eða aldrei að þola rúmlega 40 stiga hita eins og Melbournebúar. Hitinn er miklu jafnari hjá okkur en rakastigið blekkir þó marga. En þetta með að alast upp í Brisbane, borgin hefur náttúrlega breyst svo svakalega síðan ég flutti þangað. Hún hefur vaxið gífurlega og íbúafjöldi hennar hefur margfaldast á örfáum áratugum.

Brisbane hafði það orð á sér að vera heitur svefnbær og var kölluð „hið stóra sveitaþorp Ástralíu“. En svo er ekki lengur. Borgin er orðin mjög nútímaleg og hefur fengið mikinn stórborgarbrag. En samt hefur þetta þægilega smábæjaryfirbragð og sérviska íbúanna haldið sér að mestu leyti.“

Borgin ennþá róleg og örugg

– Hvað heldurðu að hafi valdið þessari gífurlegu fólksfjölgun í borginni?

„Það er margt sem kemur til. En ég held að fólk hafi séð að Brisbane er eins og Sydney og Melbourne voru einu sinni. Í Brisbane er enn þolanlegt fasteignaverð, ólíkt því sem er í hinum borgunum tveimur. Þá leggja borgarbúar almennt meiri áherslu á lífsstíl fremur en frama. Og borgin er ennþá þægilega róleg og örugg.

Þá er hægt að fara með stuttum fyrirvara út í hreina náttúru. Til dæmis er ekki nema klukkustundar akstur á nokkrar af bestu bað- og brimbrettaströndum í heimi. Allt þetta held ég að hafi valdið því að til Brisbane-svæðisins flytja að meðaltali um þúsund manns í hverri viku, á sama tíma og margir aðrir bæir hafa þurft að þola fólksfækkun. Því er spáð að innan 20 eða 30 ára taki Brisbane við af Melbourne sem önnur stærsta borg Ástralíu.“

Þægilegra veður

Hér bætir Olanda því við, að veðrið sé miklu þægilegra í Brisbane en nokkurn tímann í Melbourne. „Þar þarftu að taka með þér regnjakka, sumarjakka og bikiní þegar þú ferð út, því þú gætir upplifað allar árstíðir á einum degi.“

Olanda flutti til Brisbane með fjölskyldu minni þegar hún var átján ára. „Við bjuggum áður í Cairns, norðarlega á austurströnd Ástralíu. Við fluttum til Brisbane til þess að vera nær afa og ömmu og afganginum af Ástralíu. Cairns var að verða að miklum ferðamannastað sem gerði allt miklu dýrara, t.d. það eitt að fara í golf var farið að kosta mjög mikið.“

Fékk afslátt af fari til Íslands

Olanda segir þau Kára hafa hist í Brisbane meðan hann var þar í háskóla. „Ég vann á ferðaskrifstofu og Kári var að kaupa sér far til Íslands. Á endanum bauð hann mér út. Við höfum grínast með það að hann hafi bara gert það til að fá afslátt af farinu.“

– Og virkaði það hjá honum?

„Já, reyndar virkaði það. Þetta var hálfs árs dvöl hjá honum. Eftir þrjá mánuði hringdi hann eitt kvöldið og bað mig um að koma, sem ég og gerði, og var með honum í Reykjavík í þrjá mánuði.“

Sjálfsagt að sækja um

– En hvernig datt ykkur í hug að flytja til Ísafjarðar?

„Ég sá auglýsingu á mbl.is þar sem auglýst var eftir enskukennara við Menntaskólann á Ísafirði og ég sótti um“, segir Kári. „Ég hafði komið til bæjarins árið 2001 þegar ég og annar fræðimaður komum á slóðir Gísla Súrssonar, sem var í miklu uppáhaldi hjá honum. Við vorum bara bara í einn dag og ókum í Haukadal í Dýrafirði. En þessi fyrstu kynni mín af bænum, þó stutt væru, voru mjög jákvæð.

Síðan hefur mér litist mjög vel á Ísafjörð og svæðið allt. Við Olanda höfðum síðustu ár verið að tala um það að flytja til Íslands, tímabundið í það minnsta. Ástæðan er augljós hvað mig varðar, ég á náttúrlega fjölskyldu á landinu og ræturnar eru nokkuð sterkar. Hvað Olanda varðar var það ævintýraþráin og löngunin til að prófa eitthvað nýtt og spennandi sem réð för.

Svo þegar ég sá þessa auglýsingu á mbl.is fannst mér eitthvað svo sjálfsagt að sækja um. Ég hafði samband við Ólínu Þorvarðardóttur, skólameistara Menntaskólans, sem tók mér vel og fljótlega gengum við frá ráðningunni.“

Er að leita sér að vinnu

Olanda er ferðamálafræðingur að mennt og hefur lengi unnið sem slíkur. En hvað gerir hún á Ísafirði?

„Ég er að læra íslensku. Ég er líka að leita mér að vinnu, svo ef þú veist um eitthvað máttu láta mig vita. Annars nýt ég þess bara að gera lítið sem ekkert þangað til ég fæ vinnu. Það hefur verið ágætt. Ég var undir miklu álagi í vinnunni minni í Ástralíu svo að það er ágætt að fá tíma til að slaka á, í smástund að minnsta kosti. Það var að vísu svolítið áfall fyrst um sinn að hætta í mikilli álagsvinnu og fara að gera ekki neitt, en það venst.

Ég fer í langa göngutúra um bæinn, það gerum við reyndar bæði. Svo les ég mikið og reyni að einbeita mér að íslenskunáminu.

Helst myndi ég vilja fá vinnu þar sem léleg íslenskukunnátta er ekki of mikið vandamál, en samt þannig að ég þurfi að hafa samskipti við annað fólk og geti þannig æft íslenskuna. Í augnablikinu þekki ég ekki marga sem ég þarf að tala íslensku við. Annars er ég ekkert voðalega vandfýsin á vinnu og gæti hugsað mér að gera flest allt, þó ekki væri nema í nokkrar klukkustundir á dag.“

– Kári, hafa nemendur Menntaskólans tekið þér opnum örmum?

„Já, það hafa þeir gert og ég kann mjög vel við nemendur mína. Ég vona að þeir kunni líka ágætlega við mig, án þess að ég geti nokkuð fullyrt um það. Ég hef verið mjög ánægður og í raun undrandi á því hversu góð enskukunnátta þeirra er. Ég held að þeir átti sig á því hversu nytsamleg enska er.“

Skrifar bók um Vestfirði

Auk kennslustarfanna ætlar Kári að skrifa bók um Vestfirði.

„Eins og ég hef hugsað mér þetta verkefni, þá verður þetta ekki eiginleg ferðahandbók heldur frekar almenn umfjöllun í frásagnarstíl um reynslu mína af búsetunni. Ég fer inn á alla hluti mannlífsins, sögu svæðisins allt frá tímum Íslendingasagnanna til nútímans. Ég býst við að fjalla um samdrátt á sumum sviðum atvinnulífsins en vöxt á öðrum og það hvernig Ísafjörður hefur þurft að endurskilgreina sig sem bæ og tekist vel til. Þetta geri ég náttúrlega ekki fyrr en ég hef fengið almennilega tilfinningu fyrir svæðinu.

Ég hef skrifað nokkrar greinar um Ísland fyrir áströlsk blöð, bæði fyrir blöð á landsvísu og fyrir bæjarblaðið í Brisbane. Ég mun að líkindum halda því áfram.“

Atvinnumaður í tónlist

Kári er einnig tónlistarmaður og hefur starfað sem atvinnumaður í þeim geira.

„Í tvö ár meðan ég var í mastersnámi vann ég sem tónlistarmaður og átti þannig fyrir salti í grautinn. Ég spilaði þjóðlagatónlist á krám með hljómsveit, þá að sjálfsögðu aðallega lög eftir aðra. En ég hef sjálfur gefið út tvær plötur með eigin efni.“

– Hefur þér dottið í hug að stofna þína eigin hljómsveit á Ísafirði?

„Það er kannski ekkert svo vitlaus hugmynd. Í það minnsta gæti ég vel hugsað mér að koma fram á einhverju kaffihúsi í bænum.“

Óhlýðin rolla

Þeim hjónum hefur ekki leiðst á Ísafirði þessar sex vikur sem þau hafa búið í bænum. „Við höfum lent í ýmsu áhugaverðu, meðal annars smalamennsku“, segir Olanda.

„Hermann Níelsson íþróttakennari bauð okkur að koma með í smölun í Álftafirði. Það var ótrúlega gaman, þó svo að kindurnar hafi ekki alltaf hlýtt okkur. Ein spikfeit gömul ær vildi ómögulega hreyfa sig úr stað. Hún hlustaði þó með semingi á mig en varð brjáluð ef Kári kom nálægt henni.“

„Ég kom einu sinni nálægt henni en hún stappaði niður fótunum og ógnaði mér. Ég er skynsamur maður og þegar þessi mikla hætta blasti við mér, þá ákvað ég að halda mig til hlés“, segir Kári.

„Annars hlökkum við mjög til vetrarins á Ísafirði. Við vonum bara að það snjói eitthvað að ráði svo við komumst á skíði.“

Súðavíkurhreppur

Óskar eftir gerð sjókorts fyrir höfnina

Hafnarstjóri Súðavíkurhrepps mun óska eftir því við Sjómælingar Íslands að gert verði aðsiglinga- og hafnarkort fyrir Súðavíkurhöfn. Var það ákveðið á fundi hafnarstjórnar hreppsins. Einnig var hafnarstjóra falið að láta hanna nýjan landgang út á flotbryggjuna í Súðavík en sá gamli er ónýtur eftir síðasta óveður. Landganginum á að vera hægt að lyfta í land þegar þess þarf.

Þá var tekið fyrir bréf frá umhverfisráðuneytinu um stöðumat varðandi skip og báta í óreiðu við hafnir og strendur landsins. Hafnarstjórn var sammála um að engin skip eða bátar séu í óreiðu í Súðavíkurhöfn og var hafnarstjóra falið að svara erindinu. *– thelma@bb.is*

Litmerktur jaðrakan frá Holti sést í Færeyjum

Jaðrakan sem var litmerktur við Holt í Önundarfirði í fyrra, sást í Sandey í Færeyjum, dagana 29. og 30. ágúst sl. Er það í annað sinn sem séð er til litmerkts jaðrakans í Færeyjum. Um er að ræða kvenfugl með litaröðina LOOO. Maki hans í fyrra og líklega í ár, hefur hlotið nafnið Þorleifur og sást í Englandi síðasta vetur. Síðast sást kvenfuglinn í Önundarfirði þann 23. ágúst og var þá á leirunum við Kúhólma rétt innan við Tannanes. Sá sem tilkynnti fuglinn í Færeyjum heitir Willy og hefur fuglinn nú fengið nafnið Villa í höfuðið á honum. Frá þessu var greint á heimasíðu Náttúrustofu Vestfjarða.

Jaðrakan. Mynd: eyjafjoll.is.

– thelma@bb.is

Þriggja bíla árekstur

Þriggja bifreiða árekstur varð á gatnamótum Sindragötu og Mjósunds á hafnarsvæðinu á Ísafirði um kl. 13 á föstudag. Rákust saman fólksbíll, jeppi og vöruflutningabifreið. Að sögn lögreglunnar á Ísafirði eru örsök slyssins ókunn. Engin meiðsli urðu á fólki en bifreiðarnar eru talsvert skemmdar og jeppinn að líkindum óökufær. – thelma@bb.is

Heilsubærinn Bolungarvík

Stendur fyrir átaksnámskeiði

Átta vikna átaksnámskeið í bættu mataræði og hreyfingu á vegum Heilsubæjarins Bolungarvíkur mun fara í gang á næstu vikum ef nægur þátttökufjöldi fæst. „Eins og er hafa fáir skráð sig og dræm mæting var á kynningarfund í gær þannig að við ætlum að gera aðra tilraun næsta miðvikudag og vonumst til að fólk taki við sér“, segir Petrína Sigurðardóttir einn skipuleggjenda átaksins.

Árni Heiðar Ívarsson og Hrafnhildur Sigurgeirsdóttur munu standa að námskeiðinu sem fyrirhugað er að samanstandi af tækjaþjálfun, útivist og spinning. Auk þess fá þátttakendur ýmis heilræði varðandi mataræði. „Samskonar átak var í fyrra og það gekk ljómandi vel“, segir Petrína.

Staðfestingargjald er kr. 7.500 og má skrá sig í námskeiðið og fá nánari upplýsingar hjá Petrínu í síma 848-6028.

– thelma@bb.is

Smáauglýsingar

Til sölu er snyrtileg, 2ja herb. íbúð við Grundargötu. Uppl. í síma 456 6274 og 893 6274.

Aðalfundur Kvenfélags Ísafjarðarkirkju verður haldinn í Safnaðarheimilinu mánudaginn 18. okt-óber kl. 19:30. Fundarefni: Venjulega aðalfundarstörf, önnur mál. Léttar veitar verða bornar fram á fundinum. Félagskonur eru hvattar til að fjölmenna. Þá eru nýir félagar velkomnir.

Til leigu er lítið einbýlishús á eyrinni. Uppl. í síma 663 2241.

Til sölu eru fjögur negld jeppadekk á felgum, notuð einn vetur, 16", 265/75. Voru undir Opel Frontera. Uppl. í síma 860 7446.

Til sölu er ljóst tölvuborð úr eik. Verð kr. 3.000. Upplýsingar í síma 456 4774.

Til sölu er Husqvarna eldavél í mjög góðu lagi. Verð kr. 10.000. Uppl. í síma 893 2715.

Til sölu eru 15" vetrardekk á álfelgum, 31/10/50. Passa undir Nissan Terrano. Upplýsingar í síma 847 1222.

Til sölu er MMC Lancer árg. 99, ekinn 85 þús. km. Tilboð óskast. Uppl. í síma 847 1222.

Til sölu er Suzuki Vitara JLX, árg. 95, breyttur á 30" dekkjum. Sumar- og vetrardekk fylgja. Verð kr. 400.000. Topp bíll. Upplýsingar í síma 456 4324 og 846 7479.

Vantar litla íbúð til leigu á eyrinni. Uppl. í síma 863 5316.

Til sölu er Volvo S40 árg. 1997 með 2000 vél. Ný nagladekk á felgum. Uppl. í síma 860 7442.

Til sölu er tölvuborð á kr. 3000. Uppl. í síma 456 4774.

Til sölu eru fjögur 15" sumardekk (215X60). Upplýsingar í síma 899 3081.

Spilavist í Guðmundarbúð föstudagskvöldið 15. október kl. 20. Allir velkomnir.

Til sölu er rúm, 120x200. Uppl. í síma 456 4916 og 895 1197.

Til sölu eru negld vetrardekk undan Hondu CRV. Dekkin eru sem ný, ekin ca. 5 þúsund km. Upplýsingar í símum 899 8297 og 895 4115.

Sæt og góð kisa bráðvantar heimili. Uppl. í símum 847 3385 eða 456 7319.

Gerist áskrifendur í síma 456 4560

Unnið eftir 16 samningum milli Ísafjarðarbæjar og íþróttafélaga í sveitarfélaginu

Heildarfjárhæð samninganna rúmar 25 milljónir á þessu ári

Fjölmargir samningar hafa verið í gildi á milli Ísafjarðarbæjar og ýmissa íþróttafélaga í bæjarfélaginu á árinu. Á dögunum óskaði bæjarráð eftir yfirliti yfir þá samninga sem unnið hefur verið eftir og á bæjarráðsfundi í síðustu viku var lagt fram yfirlit sem Þorleifur Pálsson bæjarritari tók saman. Samkvæmt því hefur verið unnið eftir sextán samningum á þessu ári samtals að fjárhæð rúmar 25 milljónir króna. Langstærstu samningarnir eru við HSV að fjárhæð 8,2 milljónir króna, við

Boltafélag Ísafjarðar að fjárhæð rúmar 4,4 milljónir króna og Golfklúbb Ísafjarðar að fjárhæð tæpar 3,2 milljónir króna. Á þessu ári hafa samningar við eftirtalin íþróttafélög verið í gildi:

Boltafélag Ísafjarðar - um rekstur íþróttavallarsvæðisins á Torfnesi og íþróttavelli á Skeiði ásamt sparkvöllum á Tungusvæði. Samningurinn er dagsettur 14.mars 2003 með gildistíma til 1.maí 2004. Eingreiðsla að fjárhæð kr. 1.450.000.

Boltafélag Ísafjarðar - um rekstur á endurbyggðu íþróttavallarsvæði á Torfnesi ásamt sparkvöllum á Ísafirði. Samningurinn er dagsettur 10. desember 2003 og gildir frá 1. október 2003 til 30. september 2004. Eingreiðsla að fjárhæð kr. 3.000.000.

Golfklúbburinn Gláma Þingeyri - Samningur um rekstur tjaldsvæðisins á Þingeyri. Samningurinn er dagsettur 25.mars 2004 og gildir í 5 ár. Greiðsla er kr. 120.000.- á ári.

Boltafélag Ísafjarðar fær 4,5 milljónir króna til reksturs á endurbyggðu íþróttasvæði á Torfnesi á Ísafirði..

Golfklúbburinn Gláma Þingeyri - Samningur um rekstur golfvallarins í Meðaldal, Dýrafirði. Samningurinn er dagsettur 25. júní 2004 og viðaukasamningur sama dag. Samningurinn er vegna ársins 2004. Eingreiðsla kr. 330.000.

Golfklúbbur Ísafjarðar - Samningur um slátt á opnum svæðum á Ísafirði. Samningurinn var dagsettur 25. maí 2000 og átti að gilda aðeins fyrir það ár en unnið hefur verið eftir honum til þessa árs. Greiðsla kr. 450.000.- á ári.

Golfklúbbur Ísafjarðar - Samningur um slátt á knattspyrnuvellinum á Torfnesi. Samningurinn er dagsettur 2. júlí 2002 til fimm ára, frá árinu 2003 að telja. Greiðsla kr. 350.000.- á ári.

Golfklúbbur Ísafjarðar - Samningur um uppbyggingu golfvallar í Tungudal. Samningurinn er rammasamningur til sjö ára dagsettur 31.júlí 2002. Greiðsla kr. 2.100.000.- á ári.

Golfklúbbur Ísafjarðar - Um rekstur á tjaldsvæði í Tungudal. Samningurinn er dagsettur 16. júlí 2004 og gildir til ársins 2009. Greiðsla er kr. 260.000.- á ári.

Héraðssamband Vestfirðinga - Samstarfssamningur sem ætlað er að efla samstarf innan íþróttahreyfingarinnar og milli bæjar og HSV. Samningurinn er dagsettur 3. febrúar 2003 og gildir í tvö ár. Greiðsla er kr. 5.500.000.- á ári.

Héraðssamband Vestfirðinga - Styrkur til HSV vegna leigu á fimm þriggja herbergja íbúðum í Múlalandi 12. Samningurinn er dagsettur 15.janúar og gildir út þetta ár. Eingreiðsla er kr. 2.704.000.

Íþróttafélagið Grettir á Flateyri - Gerður var samningur um uppbyggingu íþróttasvæðisins á Flateyri árið 1998. Samningurinn var til fjögurra ára en var ekki uppfylltur. Samningsfjárhæð var kr. 2.000.000.

Íþróttafélagið Höfrungur - Um uppbyggingu íþróttasvæðisins á Þingeyri. Samningurinn er dagsettur 22.júní 2004 og gildir aðeins þetta ár. Eingreiðsla kr. 5.000.000.

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar - Umsjón með æfingasvæðum utanhúss í körfubolta í öllum byggðakjörnum bæjarfélagsins. Þá leggur KFÍ fram vinnu við framkvæmd hátíðarhalda í bæjarfélaginu.

KFÍ leggur til bolta til körfuboltaiðkunar í íþróttahúsið á Torfnesi. Samningurinn er dagsettur 7.febrúar 2003 og gildir í fimm ár. Greiðsla er kr. 1.000.000.- á ári.

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar- um þrif og gæslu í íþróttahúsinu á Torfnesi á leikjum félagsins leikárið 2003-2004. Ekki er getið um greiðslur.

Siglingaklúbburinn Sæfari - Námskeiðahald fyrir ungmenni 9-14 ára. Samningurinn er dagsettur 27.apríl 2004 og gildir aðeins þetta ár. Eingreiðsla kr. 500.000.

Skíðafélag Ísafirðinga - Rekstur þjónustuhúss göngumanna á Miðbrún á Seljalandsdal. Samningurinn er dagsettur 29.janúar 2004 og gildir til 1.október 2010. Greiðsla er kr. 263.000.- á ári.

Foreldrafélag skíðabarna - Rekstur á efri hæð og risi skíðaskálans í Tungudal. Samningurinn er dagsettur 8. mars 2002 og ótímabundinn. Uppsagnarfrestur er sex mánuðir. Greiðsla er kr. 300.000.- á ári.

Á fundi bæjarráðs var ákveðið að vísa frekari vinnu við samninga við íþróttafélög til fjárhagsáætlunargerðar.

STAKKUR SKRIFAR

Hver á að kenna hverjum og um hvað?

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Sagt hefur verið að nútíminn sé alltaf sjálfum sér líkur. Hann verður reyndar furðu fljótt að fortíð. Það sem er líðandi stund nú í dag verður fortíð á morgun, liðinn tími, sem ekki kemur aftur og nýtist þar af leiðandi ekki til verka dagsins í dag, líðandi stundar. Seinni hluta síðustu aldar úreltist margt fljótt vegna mikillar tækniþróunar. Satt er það, að ör saga nýrrar tækni villir mörgum sýn. Við vitum reyndar ekki hvað morgundagurinn ber í skauti sér, enda eins gott þegar óáran dynur yfir. Bíll sem þótti góður fyrir áratug er það enn. Hann er bara ekki eins góður og þeir sem koma af færibandinu í dag, að minnsta kosti ekki eins tæknilega fullkominn. Margir trúa því reyndar að tæknin leysi margt. Það gerir hún að sjálfsögðu. Þannig fækkar störfum fólks á ýmsum sviðum. Við fólkið viljum hins vegar halda æði mörgu óbreyttu. Við viljum hafa ástand sem við þekkjum. Þannig er það í austurhluta Þýskalands, þar sem margir íbúanna sakna öryggis kommúnismans.

Kennarar eru nú í sinni fjórðu verkfallsviku. Litlu börnin, sem ekki þekktu annað en öryggi skólagöngunnar, vita að ekkert er lengur öruggt. Sá nýi og dýrkeypti lærdómur mun fylgja þeim til æviloka. Hverjar afleiðingar hans verða er ekki fyrirséð nú. En láti að líkum er hætt við að afstaða margra nemenda til skólanna hafi beðið umtalsverðan hnekki. Kennarar eru andlit skólanna út á við. Fyrir nemendum eru kennarar upphaf og endir starfs skólanna. Með þeim verja þeir mestum tíma dags síns. Þeir eru andlit skólans gagnvart nemendum sínum. Þó eru varla margir nemendur farnir að leggja fæð á kennara sína vegna verkfallsins. Fyrir kennurum er um að ræða lögmæta baráttu og verkfalli er beitt sem tæki til að knýja viðsemjandann, sveitarfélögin, til aðgerða. Þau bera fyrir sig fjárskorti. Undir það taka kennarar og kenna ríkisvaldinu um að hafa ekki ætlað nægt fé til sveitarfélaganna.

Ekki skal lagður á það dómur hér hvort satt sé. En hvorki kennarar né sveitarfélög mega gleyma því, að ríkið er ekki uppi í sænginni með þeim. Þetta eru tvíhliða viðræður, ekki þriggja manna leikur. Sveitarfélögin mega ekki og eiga ekki að nota verkfall kennara til þess breiða yfir þá staðreynd að þeir vilja ekki ganga að kröfu kennara um hærri laun og breyttan vinnutíma. Það er ekki merkileg list að kenna öðrum um það sem miður fer. Vitað er að starfsfólki skóla hefur fjölgað umtalsvert eftir að sveitarfélögin tóku við grunnskólanum. Það er fagnaðarefni að þau leggja mikinn metnað í skólahaldið. En eins og um önnur mannanna verk verður að gilda að ekki dugar að lifa upp á krít og bíða þess að einhver annar borgi brúsann. Þeir sem greiða skattana vilja borga minna en þeir gera nú og kenna ríki og sveitarfélögum um óráðsíu varðandi opinberan rekstur. Samt heimtum við meira fé til heilbrigðismála, til skóla og alls annars sem stendur huga okkar nærri hverju sinni. En þegar kemur að lokum þá verður einhver að borga. Það erum við skattgreiðendur og okkur gengur illa að sjá heildarmyndina í skíru ljósi. Alltaf má gera meira í þeim málaflokkum sem okkur er annt um. Peningana má taka af öðrum eða annarri starfsemi ríkisins. Vissulega mætti greiða kennurum hærri laun með því að draga úr úrbótum varðandi samgöngur. En viljum við það? Nei. En við viljum að börnin komist aftur í skólann og að þessu verkfalli ljúki. Værum við tilbúin að hækka laun kennara með skólagjöldum?

Svari hver fyrir sig. Sveitarfélögin hafa gert sínar fjárhagsáætlanir, sem þeim ber lögum samkvæmt að standa við. Einstaklingar telja sig ekki aflögufæra og allt er í hnút.

Guðmundur Skúli Bragason, fiskifræðingur hjá Hafrannsóknastofnun

Hefur starfað með fjórum ættliðum við rækjurannsóknir

Samkvæmt þjóðskrá er Guðmundur Skúli Bragason fiskifræðingur ekki talinn með elstu mönnum. Hann hefur hinsvegar um langt árabil starfað við rannsóknir á innfjarðarækju í Ísafjarðardjúpi. Þegar árlegur haustleiðangur Guðmundar Skúla og manna hans í Ísafjarðardjúpi hófst í síðustu viku urðu ákveðin tímamót í rannsóknunum. Þegar Guðmundur Skúli mætti um borð í Gunnbjörn ÍS, sem leigður hefur verið til rannsóknanna, tók á móti honum Magnús Heimisson vélstjóri. Þeir tóku tal saman og þá kom í ljós að Magnús er af fjórðu kynslóð í beinan karllegg ættuðum úr Þaralátursfirði, sem starfað hefur með Guðmundi Skúla við rannsóknir í Djúpinu.

Guðmundur Skúli Bragason fiskifræðingur og Magnús Heimisson vélstjóri.

Langafi Magnúsar var hinn þekkti skipstjóri Guðmundur Guðjónsson úr Þaralátursfirði. Hann var í daglegu tali manna aldrei nefndur annað en Guðmundur þari. Hann hóf veiðar í Ísafjarðardjúpi snemma á sjöunda áratug síðustu aldar á bát sínum Gissuri Hvíta. Síðar tók sonur hans Tryggvi við bátnum. Sonur Tryggva, Heimir skipstjóri var nokkur ár með föður sínum á Gissuri. Magnús Heimisson lagði hinsvegar vélfræðina fyrir sig og er sem áður sagði vélstjóri á Gunnbirni. Guðmundur Skúli sagði það vera einkennileg tímamót að uppgötva að hann hefði nú starfað við rannsóknir í Ísafjarðardjúpi með fjórum ættliðum. „Þetta eru auðvitað ákveðin ellimerki, það skal viðurkennt. Einkennilegast þótti mér að frétta að strákurinn hann Magnús er kominn í sambúð, þannig að það styttist trúlega í fimmta ættliðinn. Ég verð víst að sætta mig við það að hafa elst“, segir Guðmundur Skúli. Guðmundur þari var þrátt fyrir útgerðarmannstitilinn alla tíð eldheitur sósíalisti. Þegar ljósmyndari BB var í þann mund að smella mynd af Guðmundi Skúla og Magnúsi stökk Guðmundur Skúli niður í káetu. Upp kom hann síðan með loðhúfu mikla sem áður var í eigu sovésks hershöfðingja. Í haustkalsanum fannst fiskifræðingunum rétt að setja upp sovésku húfuna til minningar um fyrsta ættliðinn Guðmund Guðjónsson frá Þaralátursfirði.

– hj@bb.is

Forsíða bb.is tekur breytingum

Eins og glöggir lesendur bb.is hafa eflaust tekið eftir hefur forsíða vefsins breyst. Frá upphafi hefur verið reynt að þróa vefinn í takt við þarfir notenda hans og þær framfarir sem orðið hafa í tölvuheiminum hverju sinni. Þær breytingar sem nú eiga sér stað eru fyrst og fremst til hagsbóta þeim sem eru á faraldsfæti. Á það jafn við um þá sem þurfa að fara akandi, fljúgandi eða siglandi. Nú verður beintenging á vinstri hluta síðu við Vegagerðina þar sem nýjustu upplýsingar eru um færð á vegum.

Á hægri hluta forsíðunnar er beintenging við veðurvefinn þeyr.net sem af mörgum er talinn einn besti veðurvefurinn. Einnig er þar hægt að nálgast upplýsingar frá ölduduflum Siglingastofnunar. Þar verða einnig beintengd veðurmyndavél á Ísafirði og beintengin við veðurvélar þær sem Vegagerðin hefur komið upp víðs vegar um landið. Vegagerðin íhugar að setja upp samskonar myndavélar á tveimur heiðum á Vestfjörðum. Þegar því verki er lokið verður sett upp beintenging við þær.

Fyrir miðju síðu skammt neðan við fréttir er beintenging við upplýsingasíðu Flugfélags Íslands þar sem komur og brottfarir véla frá Reykjavíkurflugvelli sjást. Þar verður einnig beintenging við sjálfvirkar veðurstöðvar Veðurstofnunnar á ýmsum stöðum á Vestfjörðum.

Það er von þeirra sem að bb.is standa að þessar breytingar falli notendum vel í geð og geri vefinn ennþá betri en hann hefur verið hingað til.

– hj@bb.is

Haldið í sjötugasta sinn

Hið árlega hjónaball verður haldið í 70. sinn þann 30. október. Viðburðurinn hefur verið árviss frá því um 1930 fyrir utan tvö skipti. „Mikil eftirvænting liggur ávallt í loftinu fyrir hjónaballið og meiningin er að halda ærlega upp á að ballið sé haldið í 70. sinn“, segir Ingibjörg Vignisdóttir í hjónaballsnefndinni. Undirbúningur er rétt að hefjast en ákveðið hefur verið að danshljómsveit komi frá Hafnarfirði og Jóhann Oddur Bjarnason kokkur sjái um matseldina.

Kanadagæsir í víkinni

Við Syðridalsvatn í Bolungarvík sáust 15 kanadagæsir (Branta canadensis) fyrir stuttu. Á hverju ári sjást nokkrar kanadagæsir hér á landi og þá helst um vor og haust. Yfirleitt eru það fáar gæsir sem sjást og er hópurinn nú því einn sá stærsti sem hefur sést á Vestfjörðum. „Þó nokkrar deilitegundir eru til af kanadagæs og eru flestar í Norður-Ameríku en nokkrar eru í Grænlandi og eru þessar líklegar þaðan“, segir í frétt á vefsíðu Náttúrustofu Vestfjarða.

KFÍ spáð falli

Úrvalsdeildarliði KFÍ í körfuknattleik er spáð falli úr deildinni í vetur samkvæmt spá forráðamanna, þjálfara og fyrirliða þeirra liða sem leika í úrvalsdeildinni. Hlaut lið KFÍ einungis 60 stig og var í neðsta sæti. Samkvæmt spánni verða Njarðvíkingar í efsta sæti deildarinnar og hlutu þeir 414 stig. Rétt er að minna á að í fyrra spáðu sömu aðilar KFÍ einnig falli úr deildinni og sú spá rættist ekki eins og alþjóð veit.

Fjögur sveitarfélög á Vestfjörðum fá tekjujöfnunarframlög

Hæstu tekjur eru áætlaðar á hvern íbúa í Súðavík

Fjögur sveitarfélög á Vestfjörðum fá í ár tekjujöfnunarframlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga samkvæmt áætlun sem ráðgjafanefnd sjóðsins hefur samþykkt. Í tekjujöfnun er gengið út frá ákveðnum viðmiðunartekjum á hvern íbúa og eru þær mismunandi eftir stærð sveitarfélaga.

Í sveitarfélögum með færri en 300 íbúa eru viðmiðunartekjurnar 219.765 krónur á hvern íbúa á mánuði en í sveitarfélögum með 300-9.999 íbúa eru viðmiðunartekjurnar 239.950 krónur. Eins og áður sagði eru fjögur sveitarfélög á Vestfjörðum undir þessum viðmiðunartekjum. Þau eru Tálknafjarðarhreppur þar sem áætlaðar tekjur eru 215.805 krónur, Kaldrananeshreppur sem er með 221.862 krónur, Bæjarhreppur sem er með 207.671 krónu og Hólmavíkurhreppur sem er með 212.370 krónur í tekjur á hvern íbúa.

Þessi sveitarfélög fá því tekjujöfnunarframlög frá Jöfnunarsjóði. Tálknafjarðarhreppur fær úthlutað rúmum 8,4 milljónum, Kaldrananeshreppur fær rúmar 2,2 milljónir, Bæjarhreppur 1,2 milljónir og Hólmavíkurhreppur fær rúmar 13,6 milljónir króna.

Hæstu tekjur eru áætlaðar á hvern íbúa í Súðavík eða tæpar 279 þúsund krónur. Nokkurt bil er í næsta sveitarfélag sem er Vesturbyggð með 243 þúsund krónur.

– hj@bb.is

Frá Súðavík.

Gerðu góð kaup í þínu apóteki

Skyndihjálp við kvefi

kr. 999

One Touch brúnkukrem
Aðeins kr. 999
Verð áður kr. 1.270

15% afsl.

Now vitamin og fæðubótarefni með 15% afslætti.

Frábær pakki

- Citré Shine Shampoo
- Citré Shine Conditioner
- Citré Shine Polishing Serum

Aðeins kr. 996

20% afsl.

Vitamin Par.
Verð nú kr. 671
Verð áður kr. 839

Kaupauki

Natracare tíðatappar fylgja með Natracare dömubindum.

Kaupauki

Q10 Active augnkrem að verðmæti kr. 874 fylgir með Eucerin Q10 dagkremi.

Verð aðeins kr. 995

APÓTEK VESTFJARÐA

Opnunartími: mán-fös kl. 10-18 · lau kl. 11-13

Íþróttamiðstöðin Árbær Bolungarvík

Íþróttamiðstöðin er opinn fyrir almenning sem hér segir veturinn 2004 - 2005

Morguntími fyrir almenning í sundlaug

Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga
- Frá kl 06.00 til kl 10.00

Síðdegistími fyrir almenning í sundlaug

Mánudaga
- Frá kl 16.00 til 19.00

Aðra virka daga
- Frá kl 16.00 til 21.00

Laugardaga opið frá kl. 10.00 til 18.00
Sunnudaga opið frá kl.10.00 til 16.00

Athugið! Á sunnudögum er sundlaugin sérstaklega upphituð sem henta vel ungabörnum og kulsæknu fólki

Opnunartími Sauna baðstofu

Á fimmtudögum fyrir konur
- Frá kl 17.00 til 21.00

Á laugardögum fyrir konur
- Frá kl 13.00 til 15.30

Á föstudögum fyrir karla
- Frá kl 17.00 til 21.00

Á laugardögum fyrir karla
- Frá kl 15.30 til 18.00

Athygli er vakin á því að Sauna-baðstofan er opin á sunnudögum fyrir sundlaugargesti.

Þreksalur

Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga
- Frá kl 07.00 til 10.00

og alla virka daga
- Frá kl 12.00 til lokunar sundlaugar

Laugardaga og sunnudaga
- þreksalurinn opinn eins og sundlaug

Árbær
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐ BOLUNGARVÍK
Sími: 456-7361

Reikaumar 2004

Tæplega 300 tonn af afurðum að verðmæti 90 milljóna króna

Skipið staðnæmdist á Skutulsfirðir á meðan skipverjar kláruðu að þrífa og ganga frá.

Júlíus Geirmundsson kom til hafnar á Ísafirði um á sunnudag með tæplega 300 tonn af afurðum að andvirði 90 milljóna króna. Aflinn fékkst eftir 37 daga á sjó. Skipstjóri í ferðinni var Gunnar Arnórsson. Áður en Júlíus lagðist að staðnæmdist skipið út af Skutulsfirði meðan skipverjar kláruðu að þrífa og ganga frá. Náðist þá meðfylgjandi mynd af skipinu sem var tekin af ísfirskum skútusjómönnum. Júlíus liggur við bryggju á Ísafirði fram á fimmtudagskvöld þegar skipið verður sent aftur til veiða.

– halfdan@bb.is

Ertu búin(n) að tryggja þér auglýsingapláss í 20 ára afmælisblaði BB?
Hafið samband í síma 456 4560

Skíðheimar á Seljalandsdal.

Hætt við niðurrif Skíðheima á Seljalandsdal

Ofanflóðasjóður gerir ekki kröfur um niðurrif

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að gera ekki kröfu um að Skíðheimar á Seljalandsdal verði rifnir. Héraðssamband Vestfirðinga hafði farið fram á það við bæjarráð að hætt yrði við niðurrif hússins, en þeirri beiðni var hafnað. Ákvörðun bæjarstjórnar var tekin í ljósi nýrra upplýsinga. „Það barst bréf frá Ofanflóðasjóði þar sem fram kemur að sjóðurinn gerir engar kröfur um niðurrif hússins. Ef Héraðssambandið vill áfram eiga húsið, þá sjáum við enga ástæðu til að rífa það. Með þessu segjum við okkur í raun frá þessu máli og það er Héraðssambandsins að ákveða hvað verður um húsið“, segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Í mars var undirritaður samningur milli Ísafjarðarbæjar og Héraðssambands Vestfirðinga þar sem bæjarfélagið með stuðningi Ofanflóðasjóðs samþykkti að greiða sambandinu 5 milljónir króna fyrir niðurrif hússins sem er í eigu sambandsins. Ofanflóðasjóður samþykkti greiðsluna sem lið í framkvæmdum við snjóflóðavarnir í Seljalandshlíð. Í samningunum er kveðið á um að niðurrifi hússins skuli lokið fyrir 1.október 2004.

Ingi Þór Ágústsson, formaður Héraðssambandsins, sagði í samtali við bb.is fyrir stuttu að Ísafjarðarbær hafi fyrir nokkru staðið við sinn hluta samkomulagsins með greiðslu 5 milljóna til HSV. Þegar áhugi hafi síðan vaknað um að finna húsinu nýtt hlutverk hafi verið ákveðið að freista þess að fá frest á niðurrifinu án þess þó að endurgreiða þyrfti þær 5 milljónir sem bærinn hefur greitt samkvæmt samningunum um niðurrifið.

Héraðssambandið sótti síðar um að ákvæði samningsins sem felur í sér niðurrif hússins yrði fellt út. Í bréfi sem formaður HSV, Ingi Þór Ágústsson bæjarfulltrúi, ritaði bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar var þess óskað að ákvæðið í samningnum sem fjallar um niðurrif hússins verði fellt niður. Í bréfinu segir m.a.:

„Ástæðan fyrir beiðninni er sú að Örn Ingólfsson, Ísafirði, hefur lýst yfir áhuga á því að eignast húsið og sjá svo til um að húsinu verði haldið við og hlutverk fyrir það verði fundið. Það er vilji innan stjórnar HSV fyrir því að afhenda Erni húsið með ákveðnum skilyrðum. Skilyrðin eru þau að Örn taki að sér að halda húsinu við og finni hlutverk fyrir það. Uppfylli hann ekki þessi skilyrði fyrir 1. október 2006 þá verði húsið rifið á hans kostnað.“

– halfdan@bb.is

Reykjavíkurmaraþonið

Útibússtjóri í Súðavík fékk farandsbikar

Hallgrímur Sveinn Sævarsson, útibússtjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar í Súðavík, var fyrstur Íslendinga á þrítugsaldri til að ljúka Reykjavíkurmaraþoninu sem fór fram þann 21. ágúst.

Hann kom í mark á tímanum 3:58:29 og hlaut fyrir afrekið farandbikar til minningar um Guðmund Karl Gíslason sem var meðal fremstu maraþonhlaupara landsins en lést af slysförum í sumar.

Einnig fékk Hallgrímur flugmiða frá Icelandair. Hallgrímur Sveinn býr í Súðavík og tók nýverið við útibúi Tónlistarskólans á Ísafirði. Hann byrjaði að hlaupa til að ná sér eftir bílslys sem hann lenti í fyrir nokkrum árum.

– thelma@bb.is

Fasteignasala
Tryggvi Guðmundsson hdl.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Vegna mikillar sölu á stærri eignum undanfarið vantar okkur eignir á söluskrá. Mikið er spurt eftir einbýlis- og raðhúsum í Holtahverfi sem og stærri eignum á eyrinni.

Einbýlishús/raðhús:

Mánagata 2: 148 m ² íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt 23,7 m² nýrri viðbyggingu. **Verð 7,9 m.kr.**
Sundstræti 39: 227,2 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og nýjum bílskúr. Mikið uppg. **Verð 12,0 m.kr.**
Hrannargata 8A og 8B: 78 m² einb. á 2 hæðum ásamt 46 m² viðbyggingu. **Verð 6.3 m.kr.**
Sunnuholt 1: 277,5 m² glæsilegt einbýlishús á 5 pöllum ásamt bílskúr og grónum garði. **Verð 16 m.kr.**
Urðarvegur 76: 196 m² endaraðhús á tveimur hæðum. Gott útsýni. **Verð 13,2 m.kr.**

4-6 herbergja íbúðir:



Stórholt 13: 103 m² 4ra herb. íbúð á 3.h. ásamt 21 m² bílskúr og geymslu. **Tilboð óskast**
Fjarðarstræti 32a: 113 m² 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt bílgeymslu. **Tilboð óskast**
Stórholt 11: 122,9 m² 4ra herbergja íbúð á 3.h.t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu og bílskúr. **Skipti á minni eign möguleg. Verð 8 m.kr.**

3ja herbergja íbúðir:

Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölb.húsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Mögul. að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr. **Verð 5,5 m.kr.**

Sundstræti 34: nýleg 2ja herbergja íbúð á 1.h. í nýuppgerðu fjölbýlishúsi. **Verð 5,9 m.kr.**
Pólgata 4: 76 m² íbúð á jarðhæð í fjórb.húsi **Verð 2,7 m.kr.**

Atvinnuhúsnæði:

Thai Koon: 63 m² nýtt verslunarhúsnæði og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innréttingum, tækjum og áhöldum Til sölu eða leigu. **Tilboð óskast**

Nýjar íbúðir:

Skógarbraut 3A e.h.: 148,2 m² 4ja herb.íbúð með baðstofulofti á efri jarðhæð til vinstri. **Verð 14,8 m.kr**
Skógarbraut 3A e.h.: 129,6 m² stór 3ja herb.íbúð á efri jarðhæð til hægri. **Verð 12,96 m.kr**

Skógarbraut 3A n.h.: 128 m² 3ja herbergja íbúð á neðri hæð í fjórbýlishúsi. **Verð 12,8 m.kr.**
Skógarbraut 3A n.h: 96,3 m² 3ja herbergja íbúð á neðri hæð í fjórbýlishúsi. **Verð 9.63 m.kr.**

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is

Hæfingarstöð fatlaðra á Ísafirði formlega tekin í notkun

Fötluðum afhentar nýjar íbúðir

Hæfingarstöð fatlaðra við Aðalstræti 18 á Ísafirði var vígð á föstudag auk þess sem nýjar íbúðir fyrir fatlaða að Sindragötu 4 voru afhentar að Jóni Kristjánssyni, heilbrigðisráðherra viðstöddum. Almenningi gafst tækifæri til að skoða ný húsakynni, fræðast um starfsemina og

Gestir nutu góðra veitinga í nýjum húsakynnum.

Guðni Geir Jóhannesson, bæjarfulltrúi, Jón Kristjánsson, heilbrigðisráðherra og Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar voru á meðal gesta í opnunarhófinu.

þiggja veitingar og nýtti fjölmenni sér boðið. Meðfylgjandi myndir voru teknar á báðum stöðum á föstudag.

– halfdan@bb.is

Fjöldi fólks kynnti sér hæfingarmiðstöðina.

Fjölmenni lagði leið sína að nýjum íbúðum fatlaðra við Sindragötu á Ísafirði.

HAUSTDAGAR!!!

Full búð af flottum haustfatnaði
Frábær tilboð alla helgina

14.,15. og 16 október
Opið til kl. 18 laugardag

20% afsláttur á undirfötum

20% afsl. af buxum
10% afsl. af úlpum

Nýtt kortatímabil
Opið laugardag til kl. 18

Nýtt kortatímabil
Nýtt á Vestfjörðum!
CHANEL snyrtivörur og ilmvötn kynntar á haustdögum

JÓN og GUNNA
Austurvegi 2, Ísafirði, sími 456 3464

Verið velkomin

LEGGUR OG SKEL
Austurvegi 2 • Sími 456 4878

SILFURTORG
Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími 456 3210

CHANEL

MÁLNINGARTILBOÐ

SÉRFRÆÐINGUR FRÁ MÁLNINGU VERÐUR Í VERSLUN OKKAR FÖSTUDAG KL. 13-18 OG LAUGARDAG KL. 10-13

Veggja- og loftamálning 4 ltr. kr. 1.990,- pr/dós

málning
-það segir sig sjálft-

NÚPUR
STERKT AFL Í HEIMABYGGÐ
LJÓNINU - SÍMI 456 3114 - www.nupur.is

Flísa- og parkettilboð

Sérfræðingur frá Álfaborg verður í verslun okkar fimtudag kl. 13-18 og laugardag kl. 10-13



ÁLFABORG
Skútuvogi 6 104 Reykjavík

Ísfirsk tónlistarhátíð í Iðnó í Reykjavík

Tónlistarhátíð undir yfirskriftinni „ísfirska nýbylgjan" verður haldin í Iðnó í Reykjavík föstudaginn 15. október nk. Hugmyndin að hátíðinni mun vera komin frá Hauki Magnússyni, ísfirskum heimspekinema og poppara. „Honum og okkur hinum fannst mikið af forvitnilegum hljómsveitum og tónlistarmönnum frá Ísafirði vera að ryðja sér rúms á landsvísu um þessar mundir", segir Rúnar Óli Karlsson, einn skipuleggjenda hátíðarinnar. „Þegar þessar sveitir eru lagðar saman verður til góð súpa af fjölbreytilegri tónlist sem okkur þótti þurfa að vekja athygli á." Ísfirska poppgoðið Helgi Björnsson verður verndari hátíðarinnar sem hefst klukkan 20:30. Á hátíðinni koma fram Spaztískur raunveruleiki, BMX, Jói 701, Dr. Gunni, Skúli Þórðarson, Reykjavík, Mugison, The 9/11s og Sign. Að tónleikunum loknum heldur kántrísveitin Unaðsdalur uppi stemmningu. Flugfélagið, Ísafjarðarbær, Vífilfell og Rás 2 styrkja hátíðina. – *halfdan@bb.is*

Hljómsveitin Reykjavík er ein þeirra sem leika á hátíðinni. Hér eru þeir að leika fyrir gesti Tjöruhússins á Ísafirði.

Helgarveðrið

Horfur á fimmtudag:
Minnkandi norðanátt og él norðanlands en bjartviðri syðra. Víða frost.

Horfur á föstudag:
Hæg breytileg átt og víða bjartviðri en þykknar upp vestanlands þegar líður á daginn. Hlýnandi veður.

Horfur á laugardag og sunnudag:
Suðlæg átt og rigning í fyrstu, en snýst svo til norðaustanáttar með snjókomu og éljum um landið norðanvert.

Kirkjustarf

Hólskirkja:
Messa kl. 14:00 á sunnudag. Á eftir verður boðið til 50 ára afmælisveislu sóknarprestsins. Veitingar fyrir líkama og sál verða fram bornar í safnaðarheimilinu.

Ísafjarðarkirkja:
Guðsþjónusta á sunnudag kl. 11:00.

Flateyrarkirkja:
Krakkaklúbburinn er á miðvikudögum kl. 17-18.

Spurningin

Voru viðbrögð stjórnenda MÍ við drykkju nemenda of hörð?

Alls svöruðu 931.
Já sögðu 374 eða 40%
Nei sögðu 505 eða 54%
Veit ekki sögðu 52 eða 6%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Fulltrúafundur Landsamtakanna Þroskahjálpar haldinn á Ísafirði

„Góður og kröftugur fundur", segir Halldór Gunnarsson, formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar um fulltrúafund samtakanna sem haldinn var á Ísafirði um helgina. Á opnunarhátíðinni á föstudag opnaði Jón Kristjánsson, heilbrigðisráðherra með formlegum hætti stefnuskrá samtakanna á netinu. Hún byggist í grundvallaratriðum á alþjóðlegum mannréttindasáttmála sem Íslendingar hafa undirgengist og er þar bent á að mannréttindi taka til allra manna. Á laugardag var haldin ráðstefna undir yfirskriftinni sérfræðiþekking og samþætting. „Fjallað var meðal annars um hvernig fagmönnum gengur að vinna í dreifðum byggðum í ólíkum kerfum", segir Halldór. Að lokinni ráðstefnunni var haldinn lokaður fulltrúafundur þar sem tveir aðilar frá hverju aðildarfélagi samtakanna funduðu. Voru þar samþykktar nokkrar ályktanir og í einni þeirra var skorað á Kennarasamband Íslands að veita undanþágu til að tryggja lágmarkskennslu og þjálfun fatlaðra barna. „Öll röskun í lífi fatlaðra barna getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér og þess vegna er nauðsynlegt að fá undanþágur vegna þessa hóps". – *thelma@bb.is*

Frá fundinum.

Íslandspóstur hf

Bílstjóri óskast

Bílstjóri óskast til að aka út bögglum á kvöldin frá pósthúsinu á Ísafirði. Getur hafið störf strax.

Upplýsingar gefur stöðvarstjóri í síma 456 5000.

Íslandspóstur hf., Ísafirði.

Þökkum innilega vináttu og samúð í okkar garð vegna andláts móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu

Helgu Elísabetar Kristjánsdóttur

Kristján Rafn Guðmundsson
Jónína Elísa Guðmundsdóttir
Albert Guðmundsson
Ásthildur I. Hermannsdóttir
Aðalsteinn Jónsson
Anna Þórunn Sveinsdóttir
ömmu- og langömmubörn

> RÚV: 16. október kl. 22:55

Jane hermaður

Vegna þrýstings frá þingkonu sem vill jafna stöðu kynjanna innan Bandaríkjahers fær kona inngöngu í sérsveit sjóhersins. Vistin þar er erfið og 60% brottfall meðal karlmanna sem þar hefja störf. Enginn á því von á að unga konan endist lengi þar en hún er staðráðin í að standa sig. Aðalhlutverk leika Demi Moore, Viggo Mortensen og Anne Bancroft.

> Stöð 2: 16. október kl. 21:40

Útsýni að ofan

Smæbæjarstúlkan Donna Jensen hefur háleit markmið. Hún er staðráðin í að vera flugfreyja í fremstu röð og fá tækifæri til þess að ferðast um heiminn. En það er víðar ókyrrð en í háloftunum. Donna fær í fyrstu bara starf hjá litlu flugfélagi á innanlandsmarkaði. Hún neitar samt að gefast upp og er staðráðin í að láta draum sinn rætast. Aðalhlutverk: Gwyneth Paltrow.

> Sýn: 16. október kl. 17.55

Stórleikir í spænska boltanum

Spænski boltinn rúllar í hverri viku og í dag verða tveir leikir í beinni útsendingu. Af leikjum helgarinnar má nefna borgarslag Espanyol og Barcelona og leik Real Betis og Real Madrid en konungsliðið hefur átt misjafna daga og það verður allt annað en auðvelt fyrir Becham og félaga að vinna deildina. Þá leika einnig í dag meistarar Valencia gegn Sevilla.

Lýðveldisbörnin hittast á ný

Árgangur 1944 á Ísafirði sem kalla sig „lýðveldisbörnin" hittust um helgina í tilefni af því að öll eiga þau 60 ára afmæli á árinu. Endurfundirnir hófust á föstudagskvöld í Sigurðarbúð er einn úr hópnum, Magni Guðmundsson, eldaði svokallaða lýðveldissúpu. Á laugardag var farið í kirkjugarðinn til að minnast þess að tveir úr hópnum eru látnir. Þá var farið í Safnahúsið þar sem óvæntur glaðningur beið þeirra. Um kvöldið hittust þau í veitingahúsinu Krúsinni þar sem var borðað og dansað fram á nótt. Yfir tuttugu lýðveldisbarnanna sóttu endurfundina.

– thelma@bb.is

fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf

LAUST STARF

Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf. óska eftir að ráða starfsmann til umsýslu og skrifstofustarfa. Félagið var stofnað í ársbyrjun 2003 og er í eigu Ísafjarðarbæjar. Það á um 180 leiguíbúðir.

Megin starfssvið:
- Gerð húsaleigusamninga og almenn samskipti við leigendur.
- Eftirlit og stýring á viðhaldi húseigna félagsins og innkaup aðfanga í því skyni.
- Umsjón með íbúaskrá, útreikningar og bréfaskriftir.

Hæfniskröfur:
- Góð þekking á Word og Excel.
- Góð færni í að koma frá sér rituðu máli.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.
- Skipulögð vinnubrögð.

Nánari upplýsingar og viðtöku umsókna veita framkvæmdastjóri Gísli Jón Hjaltason, gislijon@isafjordur.is, sími 450 8040, eða Þorleifur Pálsson, stjórnarformaður, thorleifur@isafjordur.is, sími 450 8000.
Umsóknarfrestur er til 20. október næstkomandi.

Skilafrestur auglýsinga í afmælisblað BB rennur út föstudaginn 15. október

> Stöð 2: 18. október kl. 22:15

Tímaskeið

Tímaskeið eða The Hours, var tilnefnd til níu Óskarsverðlauna og fékk Nicole Kidman Óskarinn fyrir leik sinn í myndini. Í myndinni kynnumst við þremur kynslóðum kvenna sem allar tengjast bókinni Frú Dalloway með ákveðnum hætti. Þrátt fyrir að konurnar séu uppi á ólíkum tíma eiga þær það sameiginlegt að sjálfsvíg stendur þeim öllum nærri.

Sælkeri vikunnar

er Erna Sigrún Jónsdóttir á Ísafirði

Indversk veisla

Sælkeri vikunnar býður upp á indverska veislu. Aðalrétturinn er gómsætur indverskur grænmetisréttur. Hann er borinn fram með hrísgrjónum segir Erna og í staðinn fyrir grænmetið sé hægt að nota frosna grænmetisblöndu. Agúrku Raita segir Erna að sé ómissandi með indverskum mat og einnig er hún með banana- og kókossalat og chapati brauð.

Gómsætur indverskur grænmetisréttur

150 g ab mjólk
1 msk. tómatpúrra
½ tsk. Garam Masala krydd
1 tsk. rifið engifer
1 tsk. chillý duft
¼ tsk. kardimommur
1 hvítlauksgeiri, saxaður
1 tsk. kóríander
1 tsk. salt
½ tsk. piparkorn
75 g smjörlíki
1 msk. matarolía
2 laukar, sneiddir
3 kanilstangir
6-8 kartöflur, skornar í teninga
2 gulrætur, sneiddar
½ blómkálshaus, frekar smátt skorið
½ broccolihaus, frekar smátt skorið
2 ferskir grænir chillý
400 ml vatn
150 ml matreiðslurjómi

Blandið saman í skál, AB mjólk, tómatpúrru, garam masala, engifer, chillý duftinu, kardemommum, hvítlauk, kóríander, salt og pipar og setjið til hliðar.

Hitið smjörið og olíuna í djúpri steikarpönnu eða Wok pönnu. Bætið lauknum og kanilstöngunum við og steikið þangað til laukurinn er orðinn fallega brúnn á litinn. Hellið ab/krydd blöndunni saman við og snöggsteikið í um það bil eina mínútu.

Lækkið hitann og leyfið kryddunum að malla í rólegheitunum á meðan þið hafið til grænmetið. Bætið kartöflunum og grænmetinu smátt og smátt út í kryddblönduna. Látið vatnið út í. Eldið við lágan hita þangað til grænmetið er soðið, en passið upp á að mauksjóða það ekki. Bætið rjómanum við og hitið réttinn að suðupunkti.

Agúrku Raita

300 g ab mjólk
1 agúrka, sneidd í mjög litla bita
½ tsk. cumin duft (ekki kúmen)
½ tsk. salt
1 tsk. sykur
1 tsk sítrónusafi
(1 kraminn hvítlauksgeir ef vill)

Blandið öllu saman í skál og berið fram með hrísgrjónunum.

Banana og kókossalat

3 vel þroskaðir bananar
1 agúrka, skorin í litla teninga
2/3 dl. kókosmjöl
1 tsk. sykur
3 tsk. sítrónusafi

Skerið bananana og gúrkuna í bita, hellið kókosmjölinu yfir og að lokum sítrónusafanum.

Chapati brauð

425 g heilhveiti
1 tsk. salt
300 ml. vatn

Blandið hráefnunum saman og myndið mjúkt deig. Hnoðið deigið með hnúunum þangað til það er viðráðanlegt. Deigið má vera frekar blautt. Setjið í skál og klút yfir, látið standa í 10 mín. Skiptið deiginu í 8 hluta. Gerið kúlur úr þeim og fletjið þær út með hnúunum í frekar þunn hringlaga brauð. Hitið pönnuna vel og steikið brauðið í 10-15 sek á hvorri hlið. Snúið því við eins oft og þarf. Notið blautt viskastykki eða klút til þess að þrýsta á brauðið þangað til að það er tilbúið.

Ég skora á móður mína, Sigurbjörgu Kristinsdóttur sem getur töfrað fram ólíklegustu rétti.

Sportið í beinni

SkjárEinn:
Laugardagur 16. október:
Kl. 11:45 – Enski boltinn: Birmingham – Man. Utd.
Kl. 14:00– Enski boltinn: Arsenal – Aston Villa
Kl. 16.15 – Enski boltinn: Man. City – Chelsea

Sunnudagur 17. október:
Kl. 15:05 – Enski boltinn: Charlton A – Newcastle

Mánudagur 18. október:
Kl. 22:30 – Enski boltinn: Portsmouth – Tottenha,

Sýn:
Miðvikudagur 13. október:
Kl. 16:20 – Undank. HM: Aserbaidsjan – England

Föstudagur 15. október:
Kl. 18:20 – Meistaradeildin í handb: Créteil – Haukar

Laugardagur 16. október:
Kl. 17:55 – Spænski boltinn: Leikur óákveðinn.
Kl. 19:50 – Spænski boltinn: Leikur óákveðinn.

Sunnudagur 17. október:
Kl. 18:20 – Ítalski boltinn: Leikur óákveðinn.

Þriðjudagur 19. október:
Kl. 19:30 – Meistaradeildin: Liverpool – Deportivo
Kl. 22:15 – Meistaradeildin: Sparta Prag – Man. Utd.

TV4+ Svíþjóð:
Laugardagur 16. október:
Kl. 18:00 – Spænski boltinn: Real Betis – Real Madrid
Kl. 20:00 – Spænski boltinn: Espanyol – Barcelona

Sunnudagur 17. október:
Kl. 17:00 – Spænski boltinn: A. Madrid – Racing S.

Canal+ Norge:
Laugardagur 16. október:
Kl. 11:45 – Enski boltinn: Birmingham – Man. Utd.
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Arsenal – Aston Villa
Kl. 18.30 – Ítalski boltinn: Juventus – Messina

Sunnudagur 17. október:
Kl. 15:05 – Enski boltinn: Charlton A. – Newcastle

Canal+ Sport:
Laugardagur 16. október:
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Fulham – Liverpool
Kl. 16:15 – Enski boltinn: Man. City – Chelsea

Sunnudagur 17. október:
Kl. 16:00 – Norski boltinn: Lilleström – Bodö/Glimt
Kl. 18.30 – Ítalski boltinn: Reggina – Sampdoria

Kanal 5 Danmark:
Laugardagur 16. október:
Kl. 18:00 – Spænski boltinn: Real Betis – Real Madrid
Kl. 12:00 – Spænski boltinn: Espanyol – Barcelona

Canal+ Sverige:
Sunnudagur 17. október:
Kl. 13:00 – Ítalski boltinn: Caglicari – AC Milan

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk
www.bb.is – daglegar fréttir á netinu

PÓSTURINN
allur pakkinn

Flateyri

Rúður brotnar

Skemmdarverk voru unnin á húsnæði sem áður hýsti leikskólann og síðar félagsaðstöðuna Brynjubæ á Flateyri. Þar voru fimm rúður brotnar tveimur til þremur dögum áður en tilkynnt var um verknaðinn. Lögreglan rannsakar málið og óskar eftir upplýsingum frá þeim sem einhverja vitneskju hafa um það.

Lögreglan fylgdist með hraðakstri ökumanna í umdæminu. Sá sem hraðast ók var mældur á 144 km/klst hraða á Súðavíkurhlíð þar sem hámarkshraði er 90 km/klst.

Bolungarvík

Innbrot upplýst

Lögreglan í Bolungarvík hefur upplýst innbrotin í Félagsmiðstöðina Tópas og golfskálann í Bolungarvík. Brotist var inn á báðum stöðum aðfaranótt 20. september s.l. og stolið þaðan tölvum og öðrum verðmætum.

Eftir að ábendingar bárust frá almenningi fannst hluti þýfisins og í framhaldi af því beindist grunur lögreglu að tveimur mönnum sem búsettir eru í Bolungarvík. Við frekari rannsókn málsins viðurkenndu þessir aðilar að hafa verið þarna að verki og eru málin þar með upplýst.

Ísafjörður

Líkamsárás kærð

Ein líkamsárás var kærð til lögreglunnar á Ísafirði í vikunni, en hún mun hafa orðið föstudagskvöldið fyrir utan veitingastað í bænum. Ekki var um alvarlega áverka að ræða. Málið er til rannsóknar.

Í vikunni sem leið var tilkynnt um allmörg umferðaróhöpp í umdæmi lögreglunnar á Ísafirði. Í flestum tilvikum var um minniháttar óhöpp að ræða.

Hjörleifur Jakobsson, forstjóri Olíufélagsins hf

Hefur fyrirvara á skilyrðum fyrirhugaðs lóðaútboðs

Hjörleifur Jakobsson forstjóri Olíufélagsins hf. segir að ákvörðun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um útboð á lóðum undir bensínstöðvar komi sér í sjálfu sér ekki á óvart. Það eru í raun ekki margar leiðir færar þegar margir bítast um sama hlutinn. Því er eðlilegast að menn keppi um hann á þann hátt að allir sitji við sama borð. Það sé best tryggt með útboði. Aðspurður um þau skilyrði sem verða í útboðinu á þann veg að aðeins þau félög geti tekið þátt sem ekki eru í rekstri fyrir á Ísafirði segist Hjörleifur hafa ákveðinn fyrirvara á því. „Almenna reglan hlýtur að vera sú að allir fái að bjóða. Ég hef þó skilning á áhyggjum ráðamanna en ég velti því fyrir mér hvort þetta stenst jafnræðisreglu", segir Hjörleifur.

Þegar undir hann voru borin þau ummæli Guðna Geirs Jóhannessonar formanns bæjarráðs Ísafjarðarbæjar að útboð á lóðunum geti farið fram innan nokkurra daga segist Hjörleifur draga í efa að það geti orðið. „Við höfum verið að vinna að því að losa um þann samrekstur sem verið hefur á Ísafirði. Sú vinna mun taka nokkurn tíma og að því loknu þarf Samkeppnisstofnum líklega að leggja blessun sína yfir framkvæmdina. Ég vona því að í fyrirhuguðu útboði verði tekið tillit til þeirra aðstæðna", sagði Hjörleifur Jakobsson, forstjóri Olíufélagsins hf., í samtali við blaðið.

– hj@bb.is

Síldveiðiskip í vinnslu á Jökulfjörðum

Guðmundur Ólafur ÓF-40 hefur að undanförnu verið við síldveiðar á Halamiðum ásamt tveimur öðrum skipum. Að sögn Marons Björnssonar skipstjóra hefur veiðin gengið þokkalega og síldin er falleg. Á laugardag fékk skipið um 300 tonn á stuttum tíma og var því haldið inn á Jökulfirði til þess að vinna síldina. Hún er flökuð og síðan fryst til manneldis. Ljósmyndari blaðsins var á ferð í Jökulfjörðum á laugardag og tók meðfylgjandi mynd af skipinu.

Guðni Geir Jóhannesson formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar um lóðir undir bensínstöðvar

Útboð fer fram innan nokkurra daga

Guðni Geir Jóhannesson formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar segir ekkert því til fyrirstöðu að útboð á þeim tveimur lóðum undir bensínstöðvar, sem samþykkt var að efna til á fundi bæjarstjórnar í síðustu viku, fari fram innan nokkurra daga. Hann segir að þrátt fyrir að í tillögunni sem bæjarstjórn samþykkti sé talað um að önnur lóðin verði tilbúin innan árs þá geti útboðið farið fram mun fyrr. „Ég tel ekkert því til fyrirstöðu að útboð fari fram áður en lóðin er tilbúin. Það verður því farið í það á næstu dögum að gera útboðsgögn klár og að því loknu er ekkert því til fyrirstöðu að auglýsa útboðið", segir Guðni Geir.

Í samþykkt bæjarstjórnar er kveðið á um að þeir einir geti tekið þátt í útboðinu sem ekki eru fyrir í rekstri bensínstöðva nú þegar. Eins og kunnugt er reka þrjú olíufélaganna saman bensínstöðina á Ísafirði. Aðspurður hvort ekki hefði því verið einfaldara að úthluta Atlantsolíu þeirri lóð sem nú er til þar sem það félag er það eina sem ekki er í rekstri í dag segir Guðni Geir að með samþykktinni sé meðal annars verið að þrýsta á að samrekstrinum verið hætt. „Um leið og honum er hætt geta þau félög sem að honum standa í dag tekið þátt í útboðinu. Að öðrum kosti er þeim meinuð þátttaka og það á einnig við um félög þeim tengd", segir Guðni Geir.

Útboð á lóðum fyrir atvinnustarfsemi á Ísafirði hafa ekki þekkst áður og forsvarsmenn Atlantsolíu hafa bent á það að t.d. í Reykjavík hafi þeir ekki þurft að taka þátt í útboði og því skjóti það skökku við að gera það á Ísafirði. Guðni Geir segir að aðstæður séu um margt ólíkar á Ísafirði og í Reykjavík. „Við megum heldur ekki gleyma þeirri staðreynd að samrekstrinn á Ísafirði er að hluta til kominn vegna kröfu bæjarins á sínum tíma. Það hefur síðan færst í vöxt að útboð fari fram hjá sveitarfélögum og því ekkert athugavert við okkar ákvörðun. Með samþykkt okkar viljum við að allir sitji við sama borð og hafi jafna möguleika. Við erum einnig að tryggja að hér verði samkeppni", segir Guðni Geir Jóhannesson.

– hj@bb.is